FRÉTTABLAÐIÐ
145. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. JÚNÍ 2018



Reykvíkingar þyrptust á ylströndina í Nauthólsvík í gær til að ná sér í lit og njóta lífsins í góðu veðri, enda hafa ekki mörg tækifæri gefist til að sleikja sólina þetta sumarið. Búist er við rigningu seinni partinn í dag og í kvöld á höfuðborgarsvæðinu, en hlýjast verður fyrir austan og þurrt. Á Egilsstöðum er til dæmis búist við allt að 18 stiga hita í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Umdeildar þyrlur til Gæslunnar

**Þyrlur sem starfsmenn olíuborpalla kalla „fljúgandi líkkistur“ eftir mannskæð slys í Norðursjó og enginn er sagður vilja fljúga í Noregi fara til Landhelgisgæslunnar. Þar segja menn þyrlurnar endurbættar og öruggar.**

**FLUGMÁL** Frá næstu áramótum fær Landhelgisgæslan á leigu tvær Super Puma H225 þyrlur frá Noregi á sama verði og mun eldri þyrlur sem sama félag hefur leigt gæslunni.

„Enginn vill fljúga þeim í Noregi – nú eiga hinar umdeildu þyrlur að bjarga mannslífum á Íslandi í staðinn,“ segir í fyrirsögn norska fréttamiðilsins tu.no.

H225 þyrlur voru kyrrsettar eftir slys í Noregi í apríl 2016 sem kostaði þrettán mannslíf. Þyrlan var í þjónustu við olíuborpalla. Í Skotlandi fórust fjórtán í slysi með Super Puma árið 2009. Sú þyrla þjónustaði einnig olíuborpalla í Norðursjó. Bæði slysin voru rakin til bilunar í gírkassa.

„Olíustarfsmenn kalla þær „fljúgandi líkkistur“ og segja að þeir muni aldrei ferðast með þeim aftur,“ segir á skoska fréttavefnum stv.tv.

„Airbus brást við með miklum úrbótum á gírkassa þeirra auk þess sem viðhaldskröfur, tengdar gírkassanum, voru auknar verulega,“ segir Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Tortryggni sé skiljanleg eftir slysið 2016. „Staðreyndin er engu að síður sú að sérfræðingar í flugöryggismálum, flugmálastjórn Bandaríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu hafa staðfest öryggi vélanna auk þess sem ráðist hefur verið í umfangsmiklar endurbætur á vélinni af hálfu framleiðandans,“ segir hann.

Bandaríska félagið ERA hefur fært verðmæti sinna níu þyrla af þessari tegund niður um 80 prósent og ætlar ekki að fljúga þeim nema sýnt verði fram á flughæfi þeirra með óyggjandi hætti. – gar / sjá síðu 8

> **Airbus brást við með miklum úrbótum á gírkassa þeirra auk þess sem viðhaldskröfur, tengdar gírkassanum, voru auknar verulega.**
>
> Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar



## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Harðlínustefnu bandarískra yfirvalda í innflytjendamálum hefur verið harðlega mótmælt. **10 OG 12**



**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um fráfærur. **17**

**LÍFIÐ** Secret Solstice byrjar í dag og Lífið tók saman hvað ólíkar týpur vilja sjá á hátíðinni. **38**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




8-15 og rigning um landið vestanvert í dag. Lengst af þurrt austantil. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast á Austurlandi. Það má búast við snörpum vindhviðum. SJÁ SÍÐU 26



Ekki fær hver sem er að nota landsliðsbúninginn í auglýsingum sínum.

# MS semur við KSÍ um skyr

**VIÐSKIPTI** Ný auglýsing fyrir Ísey skyr sem sýnd er í Rússlandi hefur vakið athygli en þar eru íslensk náttúra, söngsveitin Fílharmónía og meðlimir Tólfunnar í lykilhlutverki. Auglýsingin komst í fréttir í vikunni þegar greint var frá því að framleiðsla væri hafin á hinu íslenska skyri Mjólkursamsölunnar (MS) og varan væntanleg í rússneskar verslunarhillur um mánaðamótin. Skyrútrásin til Rússlands er gerð af stórhug og standa vonir til að ná 5 þúsund tonna ársframleiðslu þar, rúmum tvö þúsund tonnum meira en hér á landi.

Athygli vakti þó að í skyrauglýsingunni voru flestir klæddir í íslensku landsliðstreyjuna, kirfilega merkta KSÍ. Knattspyrnusambandið hefur staðið vörð um vörumerki sitt í aðdraganda HM og tekið á þeim málum sem upp hafa komið þar sem fyrirtæki, sem ekki hafa til þess leyfi, reyna að hagnýta sér það til markaðssetningar á eigin vöru. MS virtist þó við fyrstu sýn ekki vera einn samstarfsaðila KSÍ.

Darri Johansen, markaðsráðgjafi hjá Pipar/Tbwa, hefur haldið utan um vörumerkjavernd KSÍ, hann segir rétt að MS sé ekki einn bakhjarla KSÍ, en sambandið sé þó með samstarfssamninga við önnur fyrirtæki um ólík verkefni.

„Og í þeim samningum er kveðið á um ákveðna þætti sem snúa að markaðslegum tengslum við KSÍ. MS er eitt þeirra fyrirtækja þar sem um var að ræða sértækan samning er snýr að markaðssetningu á Ísey skyri í kringum HM fyrir erlenda markaði. – smj

## Einbeitingin komin á næsta leik




Þeir Alfreð Finnbogason og Hannes Þór Halldórsson sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í Rússlandi í gær. Hannes Þór segist þrífast best í stórleikjum eins og gegn Argentínu á dögunum þegar hann varði víti frá Lionel Messi, líkt og frægt er orðið. Hann segist þó ekki vera að hugsa um það lengur, er kominn með hausinn í næsta leik og ætlar sér stóra hluti í leiknum gegn Nígeríu á föstudaginn. Sjá meira á síðu 21. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tugir fugla drepast úr fuglakóleru

**DÝR** Fuglakólera hefur orðið tugum æðarfugla og villtra fugla að bana á Hrauni á Skaga.

Á fimmtudaginn í síðustu viku fundu bændurnir á Hrauni rúmlega 40 æðarkollur dauðar á hreiðrum ásamt nokkrum máfum og gæsum. Drifið var í því að rannsaka fuglana til að skera úr um hvort um fuglaflensu væri að ræða og kom í ljós að svo var ekki. Sólarhring síðar varð ljóst að þetta var fuglakólera. Einkenni geta verið skyndilegur dauði eins og í þessu tilfelli, en stundum tekur sjúkdómsferlið lengri tíma og fuglarnir veslast smám saman upp.

Fólki stafar ekki hætta af veirunni, þó er rétt að minna á að fólk ætti aldrei að snerta dauða fugla með berum höndum. Þeir geta borið ýmsa sýkla sem geta valdið sjúkdómum í fólki. – tg

# HM-glaðir Íslendingar byrja helgina snemma

**Landsmenn byrja margir fyrr í helgarfríi vegna leiks Íslands klukkan þrjú á föstudaginn. Börn sótt fyrr í leikskóla, fyrirtækjum lokað fyrr og allir skrópa í klippingu. Varað er við töfum sem orðið gætu á umferð í borginni fyrir leikinn.**

**HM 2018** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir að reikna megi með að tafir í föstudagsumferðinni verði fyrr á ferðinni vegna leiks Íslands og Nígeríu sem hefst klukkan þrjú á föstudaginn „Þetta skapaði engin vandamál í síðasta leik enda var leikurinn klukkan eitt á laugardegi, en nú er leikurinn klukkan þrjú á föstudegi sem gæti haft þau áhrif að umferðarþungi aukist um hálf þrjú leytið,“ segir Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Foreldrar leikskólabarna klóra sér nú margir í höfðinu yfir því hvenær heppilegast sé að sækja börn sín í leikskólann á morgun enda munu fæstir landsmenn geta slitið sig frá sjónvarpsskjánum á hefðbundnum heimferðartíma leikskólabarna.

Nokkrir einkareknir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar sent foreldrum bréf og óskað eftir að börnin verði sótt fyrir þrjú. Þótt ekki sé fyrirhugað að loka leikskólum Reykjavíkurborgar fyrr á föstudag, hyggjast flestir þeirra foreldra, sem Fréttablaðið hefur rætt við, sækja börn sín fyrir leik, komist þeir á annað borð úr vinnu til að horfa á leikinn.

Meðal annarra fyrirtækja sem þegar hafa tilkynnt lokanir vegna leiksins eru bæði Landsbankinn og Íslandsbanki sem loka hjá sér klukkan þrjú. Pósturinn verður lokaður frá 14.30 og sömuleiðis skrifstofur og þjónustuver VR. Í auglýsingu stéttarfélagsins um lokunina er skorað á önnur fyrirtæki að gera slíkt hið sama.

Lítil eftirspurn er eftir tímum á hárgreiðslustofum seinnipartinn á föstudag og hafa margar hárgreiðslustofur ákveðið að loka klukkan þrjú og taka helgina snemma enda hefur enginn áhuga á því hvort eð er að láta laga á sér hárið á meðan örlög Íslands ráðast á HM.



Rigningin spillti ekki gleðinni í Hljómskálagarðinum á laugardaginn þar sem margir horfðu á Ísland gera jafntefli við Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Við leggjum niður skærin á slaginu þrjú.
>
> Grjóni á Barber



„Við leggjum niður skærin á slaginu þrjú,“ segir Grjóni á Barber. Venjulega er uppbókað á Barber einhverjar vikur fram í tímann og því var allt uppbókað seinnipart á föstudag. „Ég byrjaði að hringja í mína kúnna á mánudaginn þegar ég áttaði mig á tímasetningu leiksins og stakk upp á því að tíminn yrði færður til,“ segir Grjóni og viðkvæðið sem hann fékk í öllum tilvikum var: „Ég ætlaði einmitt að hringja í þig út af þessu.“ Klippararnir á Barber fara þó ekki heim til að horfa á leikinn. Við fáum DJ í hádeginu og klippum til þrjú, svo horfum við saman á leikinn hér á stofunni og bjóðum upp á bjór.“
adalheidur@frettabladid.is




HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
HM veisla
HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar
ICELAND
WORLD CUP 2018
799kr
1.890 kr
Stjúpur
10 stk.
57% afsláttur
25.996kr
32.495 kr
Rafmagnssláttuvél
Afl 1600W, sláttubreidd 38 cm, 45 ltr., safnar, Sláttuhæð 20-70 mm, þyngd 15,28 kg.
5085193
BLACK+DECKER
20% afsláttur
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.
Garðhúsgögn
25% afsláttur
Ferðavörur
20% afsláttur
Nilfisk
Háþrýstidælur
20-30% afsláttur
Garðverkfæri
frá Fiskars og Claber
20-25% afsláttur
7.230kr
9.640 kr
Garðstóll
Classica,
5 stillingar.
3901186
25% afsláttur
20% afsláttur
1.590kr
1.990 kr
Kælibox
24 ltr.
3899342
20% afsláttur
Nilfisk
26.995kr
33.795 kr
Háþrýstidæla C 125.7-6 Pad X-TRA
125 bör, 1,5kW, 460 ltr./klst. Sjálvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi, 6 m slanga, Patio pallahreinsibursti, þvottakústur, röra- og klóakhreinsir, 8 metrar.
5254205
Sjáðu verðið!
25% afsláttur
claber
Slönguhjól
Ecosei
Tekur 60m af 1/2" slöngu.
5081658
3.370kr
4.495 kr
25% afsláttur
SILVERBACK
37.350kr
49.800 kr
Reiðhjól Stride 26-d
X-small, dökk grátt/grænt
3901505
4.125kr
5.895 kr
Reiðhjólagrindur
5797469, 70,83
30% afsláttur
25% afsláttur
26% afsláttur
2.996kr
3.995 kr
Kantskeri
Green-It, stál.
5084405
2.595kr
3.495 kr
Stunguskófla
Green-it, spíss eða beinar.
5084297-8
blómaval
SUMARBLÓMA
ÚTSALA
20-50%
afsláttur
HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar
Áfram Ísland

# Segir skynsamlegt af Gylfa að víkja fyrir nýrri forystu hjá ASÍ

**VERKALÝÐSHREYFINGIN** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, tilkynnti á miðstjórnarfundi sambandsins í dag að hann hygðist ekki bjóða sig fram til endurkjörs á 43. þingi ASÍ í október. Gylfi segir að harðnandi deilur innan verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu sem að miklu leyti hafi beinst gegn hans persónu hafi tekið á.

„Það er erfitt og lýjandi að eiga í átökum við félaga sína. Ég hef ávallt verið reiðubúinn til að berjast með félögum mínum og fyrir þá, en að berjast við þá gefur mér ekkert og skilar heldur engu fyrir hreyfinguna."

Formenn VR, Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness og Framsýnar eru meðal þeirra sem eldað hafa grátt silfur við Gylfa að undanförnu. VR, Verkalýðsfélag Akraness og Framsýn lýstu yfir vantrausti á Gylfa nýverið og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Sólveig Anna



**Hart hefur verið sótt að Gylfa undanfarin misseri.**

Jónsdóttir, formaður Eflingar, lögðu á fundinum í gær fram bréf þar sem þau tilkynntu að þau myndu sem áheyrnarfulltrúar sniðganga fundi miðstjórnar ASÍ fram á haust. Ástæðan var meðal annars sú að ljóst væri orðið að ekki yrði tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa innan verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu og af orðræðunni innan miðstjórnarinnar að dæma væri ljóst að farið yrði að einu og öllu eftir þeim áherslum og þeirri aðferðafræði sem Gylfi hefði boðað.

Gylfi hefur verið forseti ASÍ í tíu ár, en var fyrst kjörinn í október 2008 og endurkjörinn í fjórgang eftir það. Meðal þeirra sem deilt hafa hart á Gylfa undanfarin misseri er Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

„Ég tel þetta vera mjög skynsamlega ákvörðun hjá forseta ASÍ og gefa nýrri forystu tækifæri til þess að leiða komandi baráttu," segir Vilhjálmur aðspurður um viðbrögð við tilkynningu Gylfa.

„Nú er næsta verk hjá okkur sem erum með meirihluta innan ASÍ að finna einhvern kraftmikinn einstakling til að taka við þessu viðamikla embætti." **– smj**



**Rútumiðstöð í Skógarhlíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Rútumiðstöð ekki í bága við skipulag

**SKIPULAGSMÁL** Samgöngumiðstöð rútufyrirtækja við Skógarhlíð 10 stangast ekki á við skipulag. Þetta kemur fram í svari skipulagsfulltrúa Reykjavíkur til heilbrigðiseftirlitsins sem vildi fá úr þessu skorið eftir kvartanir frá óánægðum íbúum í Eskihlíð.

Skipulagsfulltrúi segir að samkvæmt aðalskipulagi sé Skógarhlíð 10 á svokölluðu miðsvæði. Samgöngumiðstöðvar geti verið starfræktar á þjónustusvæðum og miðsvæðum. „Deiliskipulagið setur ekki skorður fyrir þeim rekstri sem nú er á lóðinni. Þjónusturekstur, til að mynda í formi samgöngumiðstöðvar, er því heimill bæði samkvæmt aðal- og deiliskipulagi," segir skipulagsfulltrúi. **– gar**

## Ólöglegt að aðstoða flóttamenn

**UNGVERJALAND** Ungverska þingið hefur samþykkt lög sem gera það ólöglegt fyrir lögmenn og aðgerðasinna að aðstoða flóttafólk. Allt að árs fangelsi liggur við brotinu.

Forseti Ungverjalands, hefur sagt að hætta stafi af fjölda flóttamanna í landinu. Flóttamannastofnun SÞ og Evrópuráðið höfðu óskað eftir að kosningu um lögin yrði slegið á frest. Um 400 þúsund flóttamenn streymdu gegnum Ungverjaland þegar mest lét árið 2015. **– jóe**

# Ljósmæður eru ekki bjartsýnar og sjá fram á verkfall í sumar

**Formaður samninganefndar ljósmæðra er ekki bjartsýn eftir fund með ríkissáttasemjara í gær. Undirbúningur yfirvinnubanns ljósmæðra stendur yfir og boðað verður til verkfalls í júlí ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Landspítali segir brýnt að ná sáttum. Skert þjónusta til sængurkvenna og nýbura áhyggjuefni.**

**KJARAMÁL** „Þetta er grafalvarlegt ástand og tíminn vinnur ekki með okkur. Við ljósmæður erum að upplifa það að það sé illa komið fram við okkur," segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra, eftir fund með ríkissáttasemjara í gær.

Starfandi ljósmæður er um 280 á Íslandi. Um þriðjungur ljósmæðra hefur sagt upp störfum og óttast er að talan fari hækkandi. Flestar þeirra sem hafa sagt upp störfum eru starfandi á Landspítalanum. Staðan er því augljóslega þung og erfið, ekki síst á spítalanum. „Það er ákveðinn vendipunktur núna og það hrúgast inn uppsagnir. Við viljum fá lausnamiðað samtal og það þarf að gerast strax."

Katrín segist ekki hafa búist við því að neitt myndi skýrast á fundinum sem varð svo raunin. Ekkert hafi annað verið gert en að taka stöðuna á málum og engin lausn borin upp. Annar fundur hefur verið boðaður á fimmtudaginn eftir viku. „Við óskum eindregið eftir því að fólk standi undir ábyrgð og gangi til borðs með lausnir. Ég bara skil ekki þessa framkomu," segir Katrín.

„Ef við skoðum söguna hefur það kannski verið þannig, án þess að alhæfa, að konur hafa verið nægjusamar og kurteisar, varast það að vera með uppþot og læti. Kannski eru stjórnvöld að ganga út frá því að það sama sé uppi á teningnum núna. En það eru breyttir tímar."

Katrín segir að undirbúningur yfirvinnubanns standi nú yfir, sem tekur um tvær vikur og að öllu óbreyttu verði boðað til verkfalls ljósmæðra í júlí.




**Formaður samninganefndar ljósmæðra segir uppsagnir ljósmæðra hrúgast inn um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.**

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, tekur undir með Katrínu og segir að Landspítalinn standi frammi fyrir verulegri áskorun komi til frekari uppsagna eða aðgerða. Forstjóri og yfirmenn kvennadeildar funduðu með ljósmæðrum seinnipartinn í gær þar sem drög að neyðaráætlun voru kynnt.

„Við munum kynna neyðaráætlunina opinberlega í næstu viku. Það sem er þó fyrirsjáanlegt er að hún mun taka gildi 1. júlí ef ekkert breytist," segir Anna Sigrún. „Við leggjum ofuráherslu á að samningsaðilar ljúki samningsgerð svo ekki þurfi að grípa til þessarar áætlunar. Allir eru í biðstöðu þangað til. En það er ljóst að það verður skert þjónusta til sængurkvenna og nýbura komi til þessa og það er verulegt áhyggjuefni."

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segist vona að sátt náist sem fyrst. „Hver einasti fundur er boðaður til að reyna að ná saman. Ég, líkt og allir aðrir, vonast auðvitað til þess að það náist sáttir með þetta mál."

**gj@frettabladid.is**







# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið. Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

MARAÞON Krakkar BÍÓ SPORT Golfstöðin hopster 3 CIRCUS

+ yfir 60 erlendar stöðvar

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

# Airbnb skýri allt að níu prósent af hækkun á fasteignaverði

**VIÐSKIPTI** Tekjur af Airbnb-útleigu á Íslandi hafa vaxið hægar á fyrstu mánuðum ársins en á sama tímabili síðustu ár. Gistieiningum fjölgar mun hægar en áður og hefur bókunarhlutfall verið lægra í upphafi þessa árs en á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íbúðalánasjóðs um skammtímaleigu íbúða til ferðamanna og áhrif Airbnb á íslenska húsnæðismarkaðinn.

Um sex þúsund gistieiningar eru nú til leigu á Airbnb á Íslandi og hefur fjöldi þeirra rúmlega tvöfaldast á tveimur árum. Áætlað er að um 1.500-2.000 íbúðir og herbergi á landsvísu séu í stöðugri útleigu á Airbnb og ekki í hefðbundinni notkun sem íbúðarhúsnæði. Reykjavík er sú höfuðborg í Vestur-Evrópu sem er með næstflestar Airbnb-skráningar miðað við höfðatölu, á eftir Lissabon í Portúgal.



Í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greining hagdeildar Íbúðalánasjóðs bendir til þess að fjölgun Airbnb-gistieininga geti skýrt samanlagt allt að 5-9 prósent hækkun íbúðaverðs hér á landi á tímabilinu 2015-2017. Þó er talin þörf á frekari rannsóknum á orsakasambandinu milli Airbnb-útleigu og húsnæðismarkaðar.

Hagfræðideild Landsbankans gerði verðþróun á fasteignamarkaði að umfjöllunarefni í pistli sem birtist á vef bankans í gær. Þar kemur fram að verð á fjölbýli hefur hækkað um 2,9 prósent á síðustu 12 mánuðum og verð á sérbýli um 9,2 prósent. Heildarhækkun húsnæðisverðs nemur 4,6% og hefur árshækkunin ekki verið minni síðan um mitt ár 2013.

Viðskipti með fasteignir á höfuðborgarsvæðinu tóku töluverðan kipp upp á við í maí og hafa ekki verið meiri frá því í mars í fyrra. – jhh

## Útsvarið er víðast hvar í hámarki

**EFNAHAGSMÁL** Flest sveitarfélög á landinu, eða 56, eru með hámarksútsvar, samkvæmt nýrri skýrslu Íslandsbanka um rekstur sveitarfélaganna. Hámarksútsvarið er 14,52 prósent. Útsvar 15 sveitarfélaga er á bilinu 13,14-14,48 prósent. Þrjú sveitarfélög eru með lágmarksútsvar, en það er 12,44 prósent.

Í skýrslunni kemur fram að samtals námu tekjur A-hluta sveitarfélaganna 316 milljörðum króna á árinu 2017 og jukust um 9% á milli ára. Hlutfall skulda á móti eignum sveitarfélaganna hefur verið að lækka frá því að það náði hámarki í 73 prósentum á árinu 2009. Stóð hlutfallið í 56 prósentum á árinu 2017 og hefur ekki verið lægra frá árinu 2007. – jhh

## Ákveða næstu skref í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Enn sem komið er hefur lögreglan á Norðurlandi eystra ekki tekið neinar skýrslur af manninum sem var stöðvaður í Norrænu í ágúst í fyrra með egg úr sjaldgæfum fuglum sem hann hugðist flytja úr landi. Greint hefur verið frá því að maðurinn var meðal annars með smyrilsegg, flórgoðaegg, himbrimaegg og langvíuegg.

**» Skoðað er hvort forsendur séu fyrir því að málið verði rannsakað frekar.**

Tollstjóri var með málið í rannsókn, en í maí síðastliðnum var málið sent lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að skoða hvort forsendur séu fyrir því að málið verði rannsakað frekar eða hvort gefin verði út sekt fyrir meint brot án frekari rannsóknar. – jhh

# Lítill árangur hefur náðst við að auka jafnrétti í íþróttum

**Markmið um jafnrétti í íþróttum fyrir árið 2019 eru sambærileg þeim sem sett voru fram fyrir rúmum tuttugu árum. Lagt er til í nýrri ritgerð að kynjaðri fjárlagagerð verði beitt þegar fjármunum er úthlutað til íþróttastarfs hér á landi.**



Stelpunum okkar gengur ekkert síður vel en strákunum okkar í fótboltanum. Ísland er í toppsæti síns riðils í undankeppni HM 2019 í fótbolta og spilar úrslitaleikinn um fyrsta sætið í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNSÝSLA** Vísbendingar eru um að á síðustu tuttugu árum hafi lítið gerst á vettvangi ríkisvaldsins til þess að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í íþróttum. Þetta má lesa út úr ritgerð sem birtist í vefritinu Stjórnmál og stjórnsýsla í dag

Þar er kannað hvernig íslenska ríkinu er skylt að tryggja kynjajafnrétti í íþróttum, á hvaða grundvelli slík skylda er reist og hvort ríkið hafi horft til sjónarmiða um kynjajafnrétti í stefnumótun sinni og fjárveitingum til íþróttamála. „Hér er um ákveðið brautryðjendaverk að ræða þar sem ekkert hefur verið skrifað um skuldbindingar íslenska ríkisins til að tryggja jafnrétti í íþróttum í íslenskri lögfræði hingað til,“ segir í greininni

Þar kemur fram að í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019 sé fjallað um jafnrétti kynjanna í íþróttum. „Athygli vekur að markmið framkvæmdaáætlunarinnar eru efnislega sambærileg þeim sem nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna var falið að vinna tillögur að með þingsályktun árið 1996,“ segir í ritgerðinni. Þetta sé líklega einhver vísbending um þann árangur sem hafi náðst.

Í ritgerðinni eru lagðar til nokkrar tillögur að úrbótum í því skyni að vinna að auknu kynjajafnrétti í íþróttum á Íslandi. Þar er meðal annars lagt til að úthlutanir úr Íþróttasjóði, Afrekssjóði og öðrum sjóðum sem veita fjármunum frá opinberum aðilum til íþróttamála verði kyngreindar og kynjuð sjónarmið lögð til grundvallar við fjárútlát til málaflokksins.

Þá segir í ritgerðinni að stefna stjórnvalda í íþróttamálum eins og hún birtist á fjárlögum taki ekki mið af kynjajafnréttissjónarmiðum og er lagt til að sjónarmiðum um kynjaða fjárlagagerð verði beitt í tengslum við vinnslu fjárheimilda til útgjalda í gegnum fjárlög.

Einnig er lagt til að íþróttahreyfingin styðji við markvissa framkvæmd jafnréttisáætlana í starfsemi sinni allri. Jafnframt að íslenskir fulltrúar íþróttahreyfingarinnar, sem taka þátt í erlendu samstarfi og starfi erlendu sérsambandanna, beiti sér fyrir því að auka veg og hlut kvenna og stúlkna innan viðkomandi íþróttagreinar. Þetta taki bæði til reglna og innri starfsemi, en einnig í fjárhagslegu samhengi.

Það eru þau María Bjarnadóttir, doktorsnemi í lögfræði við Háskólann í Sussex, Bjarni Már Magnússon, dósent við lagadeild HR, Hafrún Kristjánsdóttir, sviðsstjóri íþróttafræðasviðs HR, og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt við íþróttafræðasvið HR, sem skrifuðu greinina.

jonhakon@frettabladid.is


HM tilboð Múrbúðarinnar BESTU MÚBÚÐARVERÐIN



20% AFSLÁTTUR
18.990
áður 23.990
Kaliber Black gasgrill
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm
Kaliber PREMIUM GRILL



Kaliber Red gasgrill
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm
Grillboð 44.900
39.900



25% AFSLÁTTUR
29.990
áður 39.990
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8



BRIGGS & STRATTON
49.990
áður 62.990
20% AFSLÁTTUR
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 5,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 150 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8



14.390
20% AFSLÁTTUR
áður 17.990
Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla
150 bör max, 450 lítr/klst. 2100W
Made by Lavor

HM tilboðin gilda til og með 23/6/2018

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

# Meira svona alla daga

Tilboð gilda út 24. júní




Grísakjöt með kartöflusalati, maís og piparrótarsósu

**2.899** kr/pk

Nautakjöt með maís, hasselback kartöflum og piparsósu

**3.099** kr/pk

Kjúklingaleggir í buffalósósu með hrásalati og gráðostasósu

**2.299** kr/pk

Lambakjöt með grænmeti, hasselback kartöflum og hvítlaukssósu

**2.899** kr/pk

**SPENNANDI NÝJUNG**

## Grillpakki máltíð fyrir 2

4 spennandi tegundir
Einfalt, þægilegt og gott




**30% afsláttur**

**HM TILBOÐ**

### Grandiosa pizzur

Hakk & laukur, pepperóní og skinka & paprika

**475** kr/pk
Verð áður 679



### Steinbakað súrdeigsbrauð

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**849** kr/stk




### Monte Nevado hráskinka

Gerð úr ibérico svínum og mangalica svínum

Verð frá **1.099** kr/pk




### Nóa HM kropp

Iceland armband fylgir með

**499** kr/pk




### Olw ostasnakk

Olw og ostur - frábær blanda

Verð frá **239** kr/pk




### Voga ídýfur

Ómissandi með snakkinu

Verð frá **299** kr/stk

# Fá þyrlur sem enginn vill fljúga í Noregi

**Super Puma þyrlur sem Landhelgisgæslan fær afhentar um áramótin af leigusala sínum í Noregi eru kallaðar „fljúgandi líkkistur“ vegna mannskæðra slysa sem rakin voru til galla í gírkassa. Verð þyrlanna hefur hrapað en Landhelgisgæslan segir engar þyrlur vera öruggari.**

**FLUGMÁL** Miklar efasemdir um flughæfni Super Puma H225 eftir mannskætt slys í Noregi 2016 hafa leitt til mikils verðfalls á þyrlunum. Flugmálayfirvöld hafa lýst vélarnar öruggar en markaðurinn er efins.

Frá næstu áramótum fær Landhelgisgæslan á leigu tvær Super Puma H225, eða Airbus H225, þyrlur frá Knut Axel Ugland Holding AS í Noregi sem leigt hefur gæslunni tvær Super Puma þyrlur af eldri gerð en tekur þær nú til baka. Leiguverðið er það sama.

„Enginn vill fljúga þeim í Noregi – nú eiga hinar umdeildu þyrlur að bjarga mannslífum á Íslandi í staðinn,“ segir í fyrirsögn norska fréttamiðilsins tu.no. „Á sama tíma og H225 Super Puma frá Airbus nýtur áfram lágmarkstrausts umhverfis Norðursjó, eftir mörg slys í Bretlandi og Noregi, er viðhorfið annað nokkru vestar í Atlantshafinu,“ segir í fréttinni.

H225 þyrlur voru kyrrsettar eftir slysið í Noregi í apríl 2016 sem kostaði þrettán mannslíf. Þyrlan var í þjónustu við olíuborpalla. Í Skotlandi fórust fjórtán í slysi með Super Puma árið 2009. Sú þyrla þjónustaði einnig olíuborpalla í Norðursjó. Bæði þessi slys voru rakin til bilunar í gírkassa.

Samkvæmt könnun frá í fyrra segjast 90 prósent starfsmanna á olíuborpöllum andvígir því að H225 þyrlur verði teknar í notkun á ný og 65 prósent kváðust mundu neita að fljúga með þeim. „Olíustarfsmenn kalla þær „fljúgandi líkkistur“ og segja að þeir muni aldrei ferðast með þeim aftur,“ sagði á skoska fréttavefnum stv.tv í febrúar síðastliðnum.

Í júlí í fyrra afléttu norsk og bresk flugmálayfirvöld flugbanninu og það sama höfðu flugmálastjórn Bandaríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu þegar gert.

„Airbus brást við með miklum úrbótum á gírkassa þeirra auk þess sem viðhaldskröfur, tengdar gírkassanum, voru auknar verulega,“ segir í svari frá Ásgeiri Erlendssyni, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar.

„Breytingarnar fólust í því að Airbus bætti við skynjara í gírkassann, sía var sett í olíukerfi, skipt var um legur í gírkassanum,“ útskýrir Ásgeir. Viðhaldskröfurnar sem hann vísar í felast meðal annars í því að líftími gírkassanna er nú aðeins fjórðungur af því sem hann var áður, eða eitt þúsund flugtímar í stað fjögur þúsund klukkustunda áður.

Ásgeir segir tortryggni starfsmanna olíufélaganna í Noregi skiljanlega eftir slysið 2016. „Staðreyndin er engu að síður sú að sérfræðingar í flugöryggismálum, flugmálastjórn Bandaríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu hafa staðfest öryggi vélanna auk þess sem ráðist hefur verið í umfangsmiklar endurbætur á vélinni af hálfu framleiðandans,“ segir hann. Engin ástæða sé til annars en að trúa því að þessar vélar séu í hópi þeirra öruggustu í heiminum í dag.

Mikið verðfall hefur orðið á H225 þyrlunum. Þannig færði bandaríska félagið ERA verðmæti sinna níu véla af þessari tegund niður um 80 prósent í bókhaldinu. Hver vél var þannig metin á jafnvirði um 400 milljóna króna í stað tveggja milljarða.

Á flightglobal.com sagði frá því í nóvember 2017 að þessar þyrlur ERA hefðu verið verkefnalausar frá slysinu í Noregi. Haft var eftir Chris Bradshaw, stjórnarformanni ERA, að hann væri ekki sannfærður um öryggi H225 þótt yfirvöld hefðu aflétt flugbanninu. Airbus Helicopters hefði eingöngu fundið leið til að greina vandann eftir að hann kæmi upp frekar en að lagfæra hinn undirliggjandi galla.

Enn var fjallað um málið á flightglobal.com í mars síðastliðnum. „Við munum ekki fljúga H225 þyrlum í flota okkar nema og þar til við getum þróað öryggiskerfi sem sýnir að við getum flogið örugglega,“ er vitnað í ársskýrslu ERA.

Ásgeir Erlendsson ítrekar að endurbætur á H225 uppfylli strangar kröfur Flugöryggisstofnunar Evrópu og flugmálastjórnar Bandaríkjanna. „Léki einhver vafi á lofthæfi eða flugöryggi vélanna hefðu stofnanirnar ekki aflétt þeim takmörkunum sem settar voru á í kjölfar slyssins.“

gar@frettabladid.is




Starfsfólk olíuborpalla á Norðursjó vantreystir enn Super Puma H225 þyrlunni eftir mannskæð slys. NORDICPHOTOS/AFP

**Enginn vill fljúga þeim í Noregi – nú eiga hinar umdeildu þyrlur að bjarga mannslífum á Íslandi í staðinn.**

Úr frétt norska miðilsins to.no

**Staðreyndin er engu að síður sú að sérfræðingar í flugöryggismálum, flugmálastjórn Bandaríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu hafa staðfest öryggi vélanna.**



Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslu Íslands



# STÓRLEIKURINN ER Í BÍLALANDI

**Þeir sem komast ekki til Rússlands skella sér bara á Stórleikinn í Bílalandi. Við spilum á gríðarsterkum hóp tilboðsbíla í öllum stöðum og stærðum og allir í sínu besta formi.**

## KAUPAUKI!
**LG 55" UHD SJÓNVARP**
**fylgir fánamerktum bílum í júní!**



**FYRIRLIÐI VIKUNNAR** Rnr. 331166
NISSAN Qashqai Visia 4wd
Ekinn 45 þ.km, dísil, beinskiptur — Nýskr. 07/15
Verð: 3.290 þús. kr. BOLTAVERÐ: **2.890 þús. kr.**



**www.bilaland.is**
**OPIÐ Á LAUGARDAG FRÁ 12–16**



**BMW 225XE Plug In Hybrid 4wd**
Nýskr. 08/17, ekinn 4 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.950 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**4.390 þús. kr.**
Rnr. 390719



**RENAULT Megane Zen**
Nýskr. 05/17, ekinn 26 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.690 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.290 þús. kr.**
Rnr. 144612



**SUBARU Forester Premium**
Nýskr. 03/16, ekinn 106 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.690 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.990 þús. kr.**
Rnr. 153236



**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 06/15, ekinn 87 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.590 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.990 þús. kr.**
Rnr. 390971



**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 27 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.950 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**3.290 þús. kr.**
Rnr. 284663



**FORD Mondeo**
Nýskr. 09/14, ekinn 59 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 2.990 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**1.990 þús. kr.**
Rnr. 144780



**HYUNDAI IX35 Comfort**
Nýskr. 10/13, ekinn 26 þ.km, bensín/metan, sjálfskiptur.
Verð 2.990 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.390 þús. kr.**
Rnr. 144782



**RENAULT Clio Expr. Sport Tourer**
Nýskr. 11/14, ekinn 43 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 1.790 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**1.390 þús. kr.**
Rnr. 370815



**NISSAN Pulsar Visia**
Nýskr. 04/16, ekinn 42 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 2.090 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**1.690 þús. kr.**
Rnr. 144786



**SKODA Octavia Ambition 4wd**
Nýskr. 04/16, ekinn 78 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.090 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.590 þús. kr.**
Rnr. 331216

ENNEMM / SÍA / NM88825

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.**

**bílaland**
**„Áfram Bílaland!"**

## Hiti á Twitter

Mikil umræða hefur skapast í kringum framferði stjórnvalda við landmæri Bandaríkjanna til suðurs.

**Bill de Blasio**
@NYCMayor



**Að rífa börn úr faðmi móður sinnar eru einræðis-tilburðir, ekki lýðræði.**

**Donald J. Trump**
@realDonaldTrump



**Í þessum falsfréttum er ekkert minnst á öryggi þjóðarinnar þegar fjallað er um ólöglega innflytjendur. Okkar löggjöf er sú veikasta og versta í heiminum og Demókratarnir vilja ekki gera neitt til að breyta því. Þeir vilja opin landamæri sem þýðir að það verða glæpir.**

**Hillary Clinton**
@HillaryClinton



**Það er ekkert bandarískt við það að slíta fjölskyldur í sundur. Við þurfum að kjósa stjórnmálamenn sem verja þá sem minna mega sín. Þessi börn geta samt ekki beðið eftir kosningunum í nóvember.**

**Frans páfi**
@Pontifex



**Mannleg reisn einstaklinga stendur ekki og fellur með því hvort þú ert ríkisborgari, innflytjandi eða flóttamaður. Að bjarga lífi einstaklinga sem eru að flýja fátækt eða stríð er að sýna mannúð.**



**Börn hafa þurft að dúsa í búrum á meðan dómsmál er rekið gegn foreldrum þeirra, sem hafa flust ólöglega til Bandaríkjanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fordæma gjörðir stjórnarinnar

Málsmetandi fólk víða hefur lýst yfir vanþóknun á hertri innflytjendalöggjöf í BNA. Trump dregur aðeins í land.

**BANDARÍKIN** Aðgerðir bandarískra stjórnvalda við landamærin til suðurs þar sem börn ólöglegra innflytjenda eru aðskilin frá fjölskyldum sínum og lokuð inni í búrum hafa vakið hörð viðbrögð. Donald Trump undirritaði forsetatilskipun þess efnis að hætt verði að aðskilja fjölskyldur ólöglegra innflytjenda í gær en áfram vill hann herða innflytjendalöggjöfina. Á síðustu vikum hafa 2.342 börn verið tekin af foreldrum sínum og gera má ráð fyrir að fjölgað hafi í þeim hópi.

Allar fjórar núlifandi fyrrverandi forsetafrúr Bandaríkjanna og leiðtogar um allan heim hafa stigið fram og gagnrýnt meðferðina á börnunum. Eftir að öll úrræði urðu yfirfull hafa börn þurft að dúsa í búrum á meðan dómsmál er rekið gegn foreldrum þeirra, þau eru geymd í vöruskemmum og matvörubúðum. Áður var sú regla í gildi að fólk sem var stöðvað við að reyna að komast með ólöglegum hætti inn í landið var sektað. Talsmaður ríkisstjórnarinnar segir að markmið hertrar löggjafar sé að fá fólk til að hugsa sig tvisvar um áður en það reynir að komast yfir landamærin.



**Laura Bush, fyrrverandi forsetafrú, hefur lýst aðgerðum Bandaríkjastjórnar sem grimmum í harðorði grein. Obama-hjónin tóku undir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, segir að myndir af börnum í búrum séu óhugnanlegar og gaf í skyn að hún myndi ræða þetta við Trump á fundi þeirra í júlí.

Laura Bush, fyrrverandi forsetafrú, skrifaði grein í Washington Post þar sem hún sagði aðgerðir yfirvalda grimmar og minna einna helst á fangabúðir í seinni heimsstyrjöldinni. Barack Obama og Michelle Obama hafa tekið undir orð Bush.

Marine Le Pen, leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar, sem oft hefur tekið undir málflutning Trumps í innflytjendamálum, segist á móti því að taka börn frá foreldrum.

Margir fleiri hafa kvatt sér hljóðs um málið, t.d utanríkisráðherra Mexíkó sem segir aðgerðirnar mannréttindabrot. – tg

### Mótmælt á Íslandi

Í dag klukkan fimm fara fram mótmæli á Austurvelli þaðan sem verður gengið að bandaríska sendiráðinu. Um þúsund manns hafa boðað komu sína. Undirskriftalisti er kominn af stað þar sem ríkisstjórn Íslands er hvött til að fordæma aðgerðirnar og hafa rúmlega 5.000 manns skrifað undir. Þingmenn hafa líka tjáð sig um málið. Þar á meðal Ágúst Ólafur Ágústsson, hjá Samfylkingu, sem hvatti ráðamenn til þess að bregðast við. Hann líkir þróuninni í Bandaríkjunum við hina vinsælu þáttaröð The Handmaid's Tale, þar sem meira að segja vísun í Biblíuna er notuð sem réttlæting á ofbeldi.



**Ágúst Ólafur Ágústsson.**







**CHAR-BROIL BIG EASY**
Steikarofn, reykofn og grill
**54.900 KR.**

**CHAR-BROIL GASGRILL**
Grillflötur 470x470 mm
2 brennarar
**69.900 KR.**

**CHAR-BROIL GASGRILL**
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
**109.900 KR.**

**CHAR-BROIL TITAN GASGRILL**
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
**189.000 KR.**

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8–17.

Fæst í Rekstrarlandi og útibúum Olís um land allt.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís


KRÓNAN
Grillum þá á morgun!
2x
HÚH! brauð
Nígeríu borgarar
Cheddar ostsneiðar
Chili mayo sósa
ATH! takmarkað magn í boði
HEIMSMEISTARA BORGARAR
Ísland - Nígería 22. júní 2018
NÍGERÍSK KRYDDBLANDA
ÁFRAM ÍSLAND!
NORÐLENSKA
2 x 175 g hamborgarar, 2 x HÚH! brauð,
2 x cheddar ostsneiðar og Chili mayo sósa
1499 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 24. júní eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Ástand heimsins







**1.** Á þessari mynd má sjá starfsmenn Tornillo-tjaldbúðanna leiða börn hælisleitenda milli tjaldanna. NORDICPHOTOS/GETTY

**2.** Tjaldbúðir barna sem komu yfir landamærin ásamt foreldrum sínum í grennd við Tornillo í Texas. Handan þeirra eru landamærin að Mexíkó. NORDIPHOTOS/GETTY

**3.** Harðlínustefnu bandarískra yfirvalda hefur verið harðlega mótmælt. Sumir telja sig ekki þekkja eigið land lengur. NORDICPHOTOS/GETTY

**4.** Fjölmargir hælisleitendur frá Mexíkó bíða nú í Tijuana eftir því að umsóknir þeirra verði afgreiddar. NORDICPHOTOS/GETTY

**5.** Bandaríkjaforseti hefur verið sakaður um að nota börn fóttamanna til að þrýsta á þingmenn að samþykkja fjármögnun veggjar við landamærin. NORDICPHOTOS/GETTY

**6.** Bandaríkjaforseti fundaði með þingmönnum Repúblikanaflokksins í gær og boðaði lausn á vandamálinu sem hann skapaði með því að aðskilja fjölskyldur sem koma yfir landamærin frá Mexíkó. NORDICPHOTOS/GETTY












Made in Iceland

# BIOEFFECT

## LYKILLINN AÐ HEILBRIGÐRI HÚÐ

Við kynnum á markað tvær nýjar vörur: BIOEFFECT Micellar Cleansing Water fjarlægir farða og óhreinindi á mildan en áhrifaríkan hátt. BIOEFFECT OSA Water Mist frískar upp á húðina, veitir henni raka og kemur jafnvægi á hana.

NÝTT!




- Hreinsandi mísellur
- 4 rakagefandi efni
- Hreint, mjúkt íslenskt vatn

- Náttúrulegur kísill
- Rakagefandi hyaluronic sýra
- Hreint, mjúkt íslenskt vatn

## KYNNINGARDAGAR 21.-27. JÚNÍ

Kaupauki að verðmæti 4.500 kr. fylgir þegar báðar vörurnar, BIOEFFECT Micellar Cleansing Water og BIOEFFECT OSA Water Mist, eru keyptar*

*á meðan birgðir endast



BIOEFFECT.COM | FÆST Í VERSLUNUM HAGKAUPS Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI OG GARÐABÆ | @BIOEFFECTOFFICIAL

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Skila sér hraðar í aukinni verðbólgu

**Nefnd um ramma peningastefnunnar segir að vegna mæliaðferðar Hagstofunnar hafi snögg verðhækkun á húsnæði leitt til skammtímasveiflna í verðbólgu. Sveiflur á húsnæðisverði skili sér hraðar út í húsnæðisliðinn en sams konar sveiflur í Kanada og Svíþjóð.**

Sú aðferð sem Hagstofa Íslands notar til þess að meta húsnæðiskostnað í vísitölu neysluverðs gerir það að verkum að snögg hækkun á verði húsnæðis leiðir til skammtímasveiflna í verðbólgu sem Seðlabanka Íslands er lögum samkvæmt skylt að bregðast við. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu nefndar um ramma peningastefnunnar.

Aðferðin leiðir auk þess til þess að sveiflur á húsnæðisverði hér á landi skila sér hraðar út í húsnæðislið vísitölu neysluverðs en sams konar sveiflur í Kanada og Svíþjóð, að því er fram kemur í úttekt greiningarfyrirtækisins Analytica, sem unnin var að beiðni nefndarinnar, en hagstofur í umræddum ríkjum taka ekki tillit til markaðsverðs húsnæðis með sama hætti og Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki sé ljóst að samanburður á aðferðunum, þar sem ekki sé aðeins tekið tillit til fasteignavísitölu, heldur fleiri þátta, svo sem afskrifta og vaxta, sýni að sænska aðferðin mæli minni verðbreytingar yfir tímann en sú íslenska. Jafnframt sé ekki víst að slíkur samanburður sýni að sænska aðferðin henti betur en íslenska aðferðin.

Ríflega fjórðung af vísitölu neysluverðs má rekja til húsnæðisverðs.

Í skýrslu nefndarinnar, sem Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, var í forsvari fyrir, er rakið að hagstofan hér á landi miði í sínum útreikningum á húsnæðiskostnaði við þriggja mánaða hlaupandi meðaltal á verðbreytingum húsnæðisverðs en hagstofur í Kanada og Svíþjóð beiti flóknari aðferðum sem á síðustu árum hafi verið jafngildar því að tekin séu 25 og 30 ára hlaupandi meðaltöl af húsnæðisverði.


Ríflega fjórðung af vísitölu neysluverðs, sem Hagstofan mælir, má rekja til verðs á húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðferð Hagstofu Íslands leiði þannig til þess að allar hreyfingar á húsnæðisverði séu „mjög fljótar að hlaupa inn í verðbólgumælingarnar“. Er tekið fram í skýrslunni að „ef markaðsverð hækkar snögglega, líkt og gerðist á höfuðborgarsvæðinu vorið 2017 í tiltölulega lítilli veltu, mun það sjálfkrafa leiða til þess að notendakostnaður allra heimila landsins af húsnæði færist upp í kjölfarið sem kemur síðan fram sem mæld verðbólga“.

Í svari Hagstofu Íslands er bent á að í neysluverðsvísitölum sé miðað við að verðbreytingar séu mældar um leið og þær verða og í þeim efnum gildi það sama um húsnæðisverð og önnur verð í vísitölunni. „Um leið og reynt er að jafna út verðbreytingarnar yfir lengra tímabil tapast þessi tengsl og ekkert samræmi verður lengur á milli þess sem mælt er og þess sem raunverulega er að gerast á fasteignamarkaði,“ segir í svarinu.

Nefndin tók í skýrslu sinni ekki afstöðu til þess hvaða aðferð hún telur að gæfi raunsönnustu myndina af húsnæðiskostnaði. Hún lagði þess í stað áherslu á mikilvægi sjálfstæðis Hagstofunnar og sagði skipta mestu máli að mæling á verðbólgu væri trúverðug.

Patrick Honohan, fyrrverandi seðlabankastjóri Írlands, og Athanasios Orphanides, fyrrverandi seðlabankastjóri Kýpur, sem nefndin fékk til þess að veita íslenskum stjórnvöldum ráðgjöf í peningamálum, tóku fram í skýrslu sinni að aðferð Hagstofunnar væri mjög viðkvæm fyrir skammtímabreytingum á húsnæðisverði sem hlyti að skapa vanda við framfylgd verðbólgumarkmiðs. Þeir telja hins vegar að aðferðafræðin falli innan viðurkennds ramma við mat á húsnæðiskostnaði.

Ein af helstu tillögum nefndarinnar var að verðbólgumarkmið skyldi undanskilið húsnæðisverði.

kristinningi@frettabladid.is




 FRÉTTIR · FRÉTTABLAÐIÐ 

MARKAÐURINN

# Lykilstjórnendur verða áfram hjá GAMMA

**Kvika hyggst kaupa GAMMA fyrir allt að 3,7 milljarða króna. Hluthafar GAMMA munu eignast þriggja til níu prósenta hlut í fjárfestingarbankanum. Óhjákvæmilegur hluti af kaupunum verður að hagræða í rekstri GAMMA.**

Lykilstjórnendur GAMMA munu áfram starfa fyrir félagið eftir kaup fjárfestingarbankans Kviku á fyrirtækinu. Þar með taldir eru Agnar Tómas Möller, annar stofnandi GAMMA og framkvæmdastjóri sjóða, Valdimar Ármann forstjóri og Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og áhættustýringar. Þetta segir Valdimar í samtali við blaðið.


Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA

„Við teljum mikilvægt að halda áfram að þjónusta stóran hóp viðskiptavina. Lykilstjórnendur GAMMA voru hluthafar í fyrirtækinu og við munum fá hluta af kaupverðinu greiddan með bréfum í Kviku. Við höfum því hagsmuni af að gæta þess að vel gangi í rekstrinum. Með þessum kaupum höfum við skapað öflugra og sterkara fyrirtæki og getum boðið víðtækari fjármálaþjónustu fyrir viðskiptavini,“ segir Valdimar.

GAMMA verður sjálfstætt dótturfélag Kviku. Kaupverðið gæti numið allt að 3,75 milljörðum króna, samkvæmt tilkynningu til Kauphallar. Greiðslum verður skipt með eftirfarandi hætti: Hluthafar fá 1,1 milljarð króna í reiðufé sem greiðist við frágang viðskiptanna og árangurstengda greiðslu, sem metin er á 1,4 milljarða króna. Auk þess fá hluthafar þriggja prósenta hlut í Kviku, sem metinn er nú á 432 milljónir auk árangurstengdrar greiðslu sem geti numið allt að 5,9 prósenta hlut í bankanum sem metinn er á um 839 milljónir króna . Samanlagt væri því um að ræða tæplega níu prósenta hlut í bankanum.

Eigið fé GAMMA var 2,1 milljarður króna í árslok 2017 en þá höfðu ekki verið tekjufærðar 600 milljóna króna kröfur á sjóði í rekstri félagsins vegna árangurstenginga. „Allir hluthafar GAMMA munu kaupa tilteknar eignir af fyrirtækinu sem ekki tilheyra kjarnarekstri þess,“ segir Valdimar.

Stærstu hluthafar GAMMA eru Gísli Hauksson, sem lét af störfum í ársbyrjun, með 31 prósents hlut, og Agnar Tómas með rúmlega 29,7 prósenta hlut. Straumnes eignarhaldsfélag, í eigu Ara, Bjargar og Kristínar Fenger, á um 10 prósenta hlut rétt eins og Guðmundur. Valdimar á 6,2 prósenta hlut.

„Eigið fé GAMMA hefur að miklu leyti byggst upp af árangursþóknunum af rekstri sjóða. Hluti af þeim greiðslum á eftir að skila sér. Árangurstengd þóknun hluthafa byggist enn fremur á þróun eigna í stýringu á tilteknu tímabili. Það er hefðbundinn varúðarnagli til að tryggja að verðmæti eignarinnar rýrni ekki,“ segir Valdimar.

„Það er hluti af kaupum Kviku á GAMMA að hagræða í rekstrinum. Það ætti að skila sér til viðskiptavina. Til að byrja með eru engar breytingar fyrirhugaðar á starfsmannahaldi enda markmiðið með kaupunum að fjárfesta í öflugu sjóðastýringarfyrirtæki sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval. Það er ljóst að þegar fram í sækir verður skoðað hvernig hagkvæmast verður að byggja félagið til framtíðar enda er samlegð í vissum þáttum starfseminnar,“ segir Valdimar. Spurður hvort GAMMA eða Kvika hafi átt fyrsta útspilið í samningaviðræðunum segist hann ekki geta sagt til um það eða hvort það skipti máli. – **hvj**

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
ARTASAN





# Svekktir Sjallar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er sérstök list að kunna að tapa og mörgum reynist um megn að leyna vonbrigðum sínum lúti þeir í lægra haldi. Í stað þess að bera harm sinn í hljóði fara hinir tapsáru hamförum, kvarta undan svindli og svikum og kenna öðrum um. Ekki hvarflar að þeim að líta í eigin barm og leggjast í ítarlega sjálfsskoðun eins og þeim væri hollast. Þetta opinberaðist á sláandi hátt í Vestmannaeyjum eftir nýliðnar sveitarstjórnarkosningar.

Fyrir kosningar hafði Sjálfstæðisflokkurinn verið við völd í Vestmannaeyjum í háa herrans tíð og vitanlega fannst Sjálfstæðismönnum að þannig ætti það að vera um ókomna tíð. Kannski er skiljanlegt að þeir hafi verið blindaðir af velgengni. Flokkurinn hlaut um 75 prósent atkvæða í kosningunum 2014 og forsvarsmenn hans virðast hafa ályktað sem svo að yfirburðirnir væru svo miklir að þeir gætu verið einráðir.

Forsvarsmenn flokksins gleymdu að huga að lýðræðislegum vinnubrögðum því hugmynd hóps Sjálfstæðismanna um prófkjör var felld af fulltrúaráði flokksins. Það hefði verið fyrsta prófkjör Sjálfstæðismanna í Eyjum í 28 ár. Sú staðreynd ein og sér hefði átt að vekja þá spurningu hjá fulltrúaráði flokksins hvort ekki væri kominn tími til að breyta. Eðlileg viðbrögð hefðu verið að fagna prófkjöri en ekki hindra það. Meirihluti fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Eyjum ber ábyrgð á því að hafa tekið ákvörðun sem varð til þess að flokkurinn klofnaði og til varð sérframboð sem hlaut brautargengi í kosningunum og situr nú að völdum.

Kosningaúrslit voru ekki fyrr ljós en grátkór hins fallna meirihluta hóf upp raust sína og kærði ekki bara kosningarnar heldur ákvað að þefa uppi svikara innan eigin raða, enda miklu betra að kenna einhverjum öðrum um en sjálfum sér. „Leitið og þér munuð finna“ stendur í góðri bók og þeir sem svekktastir voru vegna úrslitanna fundu skúrkinn sem bera átti ábyrgð á tapinu. Sá reynist vera þingmaður flokksins Páll Magnússon. Hann virðist reyndar stundum vera stoltari af því að vera Vestmannaeyingur en Sjálfstæðismaður, en sú áhersla ætti engan veginn að kosta sérstaka fordæmingu í Eyjum.

Ekki skal vanmeta Pál Magnússon, sem má sín alveg öruggglega mikils, en það er samt nokkur ofrausn að ætla honum að hafa af eigin rammleik snúið fjölda Vestmannaeyinga frá Sjálfstæðisflokknum og í átt að nýju afli. Talsmenn hins fallna meirihluta tala eins og það hafi alfarið verið á ábyrgð Páls að ná í hús þeim örfáu atkvæðum sem Sjálfstæðisflokkurinn þurfti til að halda völdum. Fjölmargir aðrir áhrifamenn innan flokksins hefðu örugglega mátt leggja harðar að sér við atkvæðasmölun. En fyrst og fremst hefði meirihlutinn átt að temja sér hógværð og samningslipurð á valdatíma sínum í stað þess að vaða áfram í sjálfhverfu og hroka.

Hinn fallni meirihluti í Eyjum getur engum kennt um örlög sín nema sjálfum sér. Hann stundaði vinnubrögð sem klufu Sjálfstæðisflokkinn. Í sjálfu sér má flokka það sem vissan árangur, en varla telst hann sérlega lofsverður og síst er hann til eftirbreytni.

**Meirihluti fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Eyjum ber ábyrgð á því að hafa tekið ákvörðun sem varð til þess að flokkurinn klofnaði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skelltu þér í tuskið ...**
**Gústaf Níelsson, sagnfræðingur á eftirlaunum, segist „upp með sér“ á Facebook eftir að drjúgur hluti fyrsta borgarstjórnarfundar kjörtímabilsins var lagður undir útlagann á Spáni. Hann átti að taka sæti varamanns í mannréttindaráði á síðasta kjörtímabili, þar til skipan hans var dregin til baka vegna ummæla sem hann hafði látið falla um samkynhneigða og múslima. „Eru það fordómar að hafa þessa skoðun að það sé ekki heppilegt að fylla landið af múslimum?“ sagði Gústaf meðal annars og gerði þannig fyrirfram út um frama sinn á mannréttindasviði Reykjavíkurborgar.**

**... og hirtu ekki um hyskið**
**Gústaf er ekki ekki einn um að vilja draga fólk í dilka. Forsendur Péturs Guðmundssonar frá Ófeigsfirði eru þó aðrar, en hann lokaði veginum að Hvalá í Árneshreppi með því að leggja dráttarvél þvert á hann, til þess að stemma stigu við straumi „hyskis“ um svæðið, eins og hann orðaði það í samtali við frettabladid.is í gær. Óneitanlega frumlegur leikur í heiftúðugri refskákinni um virkjun Hvalár í Árneshreppi. Hyskið sem Pétur vísaði til kemur flest að sunnan með Lækna-Tómas Guðbjartsson fremstan í flokki þeirra sem hafa verið áberandi í baráttunni fyrir friðun fossanna á Vestfjörðum.** olof@frettabladid.is

# Gamalt sé nógu gott fyrir sjúklingana!



Birgir Guðjónsson
fv. assistant professor og sérfræðingur við Yale læknaháskólann, MACP, FRCP, AGAF, FASGE

Við lokapróf á námsárum mínum kom læknastúdent upp til munnlegs prófs og fékk spurningu sem hann svaraði ákveðið. Prófessorinn spurði hissa „hvaðan hefurðu þetta?“. „Úr nýju útgáfunni af kennslubókinni,“ svaraði stúdentinn. Prófessorinn barði í borðið og sagði, „ég sagði ykkur að lesa gömlu útgáfuna.“

Parkinsonsjúkdómur er ólæknandi, krónískur sjúkdómur sem hægt er að halda í skefjum með einstaklingsbundinni nákvæmlega tímasettri lyfjagjöf og sjúkraþjálfun og skapa sjúklingum ásættanleg lífsgæði í nokkurn tíma.

Það voru gleðitíðindi að ungur læknir í sérnámi við eitt fremsta háskólasjúkrahús vestan hafs hefði lagt sig eftir greiningu og meðferð á Parkinsonsjúkdómi. Læknirinn vill snúa heim og hefur leitað eftir starfsmöguleikum með því að komast á starfssamning við Sjúkratryggingar Íslands en var hafnað að fyrirmælum ráðherra. Skilaboð ráðherra virðast skýr; gamlingjar og gömlu úrræðin eru nógu góð fyrir Parkinsonsjúklinga (sem og aðra sjúklinga).

Íslenskir læknar eins og viðkomandi sérfræðingur hafa oft komist að í sérnám erlendis við bestu háskólastofnanir og tekið þátt í framþróun læknisfræðinnar. Þekking þeirra og reynsla telst þá mikil verðmæti og þeim bjóðast oft störf í námslandinu. Flestir vilja koma heim en mörgum hefur verið hafnað til starfa í eigin heimalandi. Svo virðist í þessu tilfelli.

Hagkvæmis vegna er eitt meginmarkmið í heilbrigðisþjónustu víða um heim að færa sem mest af greiningu og meðferð sjúkdóma út úr legurýmum sjúkrahúsa (hvað þá mygluðum!) í „ambulant“ aðstöðu, þ.e. læknastofur eða göngudeildir. Sérfræðingar á einkastofum höfðu veitt slíka þjónustu áratugum saman áður en skilningur á þessu kom til hjá LSH sem stofnsetti fyrstu göngudeildina 1974 og þá eingöngu fyrir einn ákveðinn sjúkdóm. Þróunin síðan hefur verið hæg. Markmið ráðherra virðist vera að sporna við starfi sjálfstæðra lækna þó augljóst sé að LSH geti ekki tekið þessa þjónustu að sér og skammta þannig sjúklingum aðgengi að nýjustu og bestu meðferð. Þekking og reynsla skapast ekki með pólitískum tilskipunum.

**Þekking og reynsla skapast ekki með pólitískum tilskipunum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fráfærur

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

San Francisco – Það voru hátíðarstundir þegar okkur börnunum í Melaskóla var boðið á sal til að sýna okkur kvikmyndir. Þetta var löngu fyrir daga sjónvarpsins ef kanasjónvarpið sem upphófst 1951 er undan skilið. Hljóðið í sýningarvélinni á sal var einsog slitrótt glamur í sláttuvél svo hugur minn í myrkvuðum salnum flögraði sjálfkrafa norður á Stóra-Vatnsskarð í Skagafirði þar sem ég var öll sumur æsku minnar í sveit og við bræðurnir allir, löng sumur og sælurík. Okkur börnunum í Melaskóla voru einkum sýndar náttúrulífsmyndir, sumar eftir Ósvald Knudsen frænda minn og fleiri brautryðjendur íslenzkrar kvikmyndagerðar, og þjóðlífsmyndir. Þetta voru þau ár þegar Síðasti bærinn í dalnum eftir Óskar Gíslason var á allra vörum, fyrsta leikna íslenzka kvikmyndin með frumsaminni tónlist eftir Jórunni Viðar, fyrsta íslenzka kvikmyndatónlistin.

**Þessi aðskilnaður mæðra og lítilla barna hefur í sumum tilvikum varað í marga mánuði og getur valdið börnunum varanlegum skaða. Forsetinn ver fráfærurnar með kjafti og klóm. Hann kallar flóttafólkið sem freistar gæfunnar við landamærin „skepnur“.**

### Um aldir alda

Ein þessara kvikmynda úr Melaskólanum líður mér seint úr minni. Hún hét Fráfærur. Ósvaldur Knudsen tók hana á Kirkjubóli í Önundarfirði 1958, en þar mun einna síðast hafa verið fært frá, ekki 1942 eins og aðrar heimildir herma. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður, síðar forseti Íslands, samdi textann við myndina og var þulur.

Aldrei hafði ég heyrt sárari grát en í þessari mynd né heldur síðan. Ég furðaði mig á mannvonzkunni: Hvað átti það að þýða að kvelja lömbin svona með því að stía þeim frá mæðrum sínum? Magnea Hjálmarsdóttir, prýðilegur kennari minn öll barnaskólaárin, kunni svarið. Fólkið þurfti mjólkina, lömbin máttu víkja. Þau voru rekin á fjall fárra vikna gömul eða í haga fjarri mæðrum sínum og þurftu að sjá um sig sjálf. Ærnar voru hafðar heima og mjólkaðar kvölds og morgna. Þannig hafði þetta verið um aldir alda.

### Hvergi sína móður fann

Hringinn í kringum landið grétum við börnin yfir þulunni sem foreldrar, afar og ömmur fóru með eða sungu fyrir okkur:

Gimbill mælti og grét við stekkinn: „Nú er hún móðir mín mjólkuð heim því ber ég svangan um sumardag langan munn minn og maga á mosaþúfu.“ Gimbill eftir götu rann hvergi sína móður fann þá jarmaði hann …

Sigurbjörn Einarsson biskup lýsti vandanum vel níræður að aldri í samtali við Freystein Jóhannsson blaðamann í Morgunblaðinu 2001: „[þ]egar sagt var til aldurs míns í þá daga, var sagt: hann er fæddur um fráfærur. Það var merkistími og aldrei gleymist jarmurinn í lömbunum, þegar þau voru tekin frá mæðrum sínum. En harmur lambanna gleymdist, þegar maður fékk sauðamjólkina og afurðir hennar. Ég man eftir ostunum hennar ömmu, sem hún raðaði upp í hillur í skemmunni. Þeir voru góðir.“

Fráfærur lögðust smám saman af eftir heimsstyrjöldina fyrri m.a. vegna þess að þá hækkaði lambakjöt svo í verði að það borgaði sig betur fyrir bændur að leyfa lömbunum að sjúga ærnar frekar en að mjólka þær til manneldis.

### Í boði Bandaríkjastjórnar

Því rifjast þetta nú upp að Trump Bandaríkjaforseti og menn hans hafa nú innleitt fráfærur við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó. Þar hefur vopnuð lögregla undangengnar vikur stíað nærri 2.000 börnum frá mæðrum sínum og heldur uppteknum hætti. Málið snýst um mæður sem nást þegar þær reyna í örvæntingu sinni að komast inn í Bandaríkin að sunnan með börnin sín með sér á flótta undan harðræði heima fyrir. Börnin eru tekin frá mæðrunum og geymd í búrum.

Þeir sem hafa orðið vitni að þessum aðförum segjast sumir sjaldan eða aldrei hafa heyrt sárari grát. Þessi aðskilnaður mæðra og lítilla barna hefur í sumum tilvikum varað í marga mánuði og getur valdið börnunum varanlegum skaða. Forsetinn ver fráfærurnar með kjafti og klóm. Hann kallar flóttafólkið sem freistar gæfunnar við landamærin „skepnur“.

„Þau gætu verið morðingjar og þjófar og margt fleira,“ bætir forsetinn við.

SWEET CHILI KJÚKLINGUR
MEÐ WASABIHNETUM OG SÆTUM KARTÖFLUM

Vinsælasti rétturinn á Ginger
TILBOÐ 1.499 kr. Verð áður 1.889 kr.
GINGER
NJÓTTU LÍFSINS
Síðumúla 17 | Lágmúla 7, í 10-11 | Austurstræti 17, í 10-11 | Fitjum, Reykjanesbæ | Leifsstöð | ginger.is

# Sjálfbært heilbrigðiskerfi



**Reynir Arngrímsson**
formaður Læknafélags Íslands

Ísland gengur í gegnum þrengingar í heilbrigðiskerfinu, þar sem uppsafnaður langvarandi vandi og óánægja hefur brotist upp á yfirborðið af fullum þunga. Læknar hafa bent á þessa þróun um alllangt skeið og varað við. Við allt skipulag þarf að setja sjúklinginn í forgrunn. Það öndvegissæti eiga ekki biðlistar, reiknilíkön og pólitískar dægursveiflur að skipa. Gott aðgengi sjúklinga að læknum og annarri stoðþjónustu er það sem málið snýst um. Það virðist stundum gleymast að menntun og áralöng þjálfun starfsfólksins er grundvöllur góðs heilbrigðiskerfis.

Á Íslandi verja stjórnvöld lægra hlutfalli til heilbrigðismála en aðrar þjóðir okkur skyldar að menningu og þjóðfélagsgerð. Það er hættuleg pólitísk afstaða að hægt sé að leysa þann vanda sem við blasir í dag, biðlista og langvarandi skort á heilbrigðisstarfsfólki ásamt yfirvofandi þjónustuskerðingu, með aðgangshindrunum og millifærsluleið fjármuna innan kerfisins.

Fjárveitingar til heilbrigðismála í heild sinni eru of lágar. Bara að stjórnvöld viðurkenndu það væri stórt skref fram á við í raunveruleikaáttun Alþingis. Lýðfræðilegar breytingar verða ekki umflúnar, tækniframfarir þarf að innleiða og samkeppnisfær launaþróun verður að eiga sér stað. Úttektir og skýrslur sýna að framleiðni lækna á Íslandi og samstarfsfólks þeirra er umtalsvert meiri en víðast annars staðar. Læknar hafa kallað eftir langtímastefnu í heilbrigðismálum sem litast ekki af pólitískum sveiflum heldur af ábyrgð og með þarfir sjúklinga í huga.

**Stefnumótun**

Í janúar 2015 undirrituðu forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og starfandi fjármála- og efnahagsráðherra ásamt formönnum Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands yfirlýsingu þar sem kveðið var á um að ráðist yrði í átak til mótunar heilbrigðisstefnu. Sitjandi heilbrigðisráðherra sem telur daga sína í embætti, er sá níundi í röðinni frá aldamótum og þriðji frá undirrituninni 2015. Núverandi áhersla ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna, að móta stefnu í heilbrigðismálum án aðkomu heilbrigðisstétta og fulltrúa sjúklingasamtaka, er óheillaskref og pólitísk þvingunaraðgerð sem gengur gegn lýðræðisvakningu í þjóðfélaginu. Hvorki er leitað álits lækna og samtaka þeirra né annarra heilbrigðisstétta þegar kemur að yfirlýstri endurskoðun á heilbrigðisstefnu, endurskoðun gæðakvarða eða framtíðarskipulagi heilbrigðiskerfisins í heild sinni sem á að liggja fyrir í haust.

Á nýlegri málstofu um heilbrigðisþjónustu fámennra ríkja í Evrópu sem haldin var m.a. fyrir tilstuðlan velferðarráðuneytisins í Þjóðminjasafninu kom fram að helsta ógn við heilbrigðiskerfi þessara landa (þar voru m.a. fulltrúar Íslands, Möltu, Slóveníu og fleiri fámennra ríkja) væri aðgengi að sérhæfðu starfsfólki og hlutfallslega kostnaðarsöm yfirbygging kerfisins í þessum fámennu löndum. M.a. væri stefna Evrópusambandsins að tryggja réttindi sjúkratryggðra til heilbrigðisþjónustu yfir landamæri þjóðríkja til að mæta þessari þörf um sérhæfingu.

**Sjálfbært kerfi**

Hér á Íslandi höfum við átt því láni að fagna að hafa aðgengi að læknum með mikla sérhæfingu og þjálfun í undirsérgreinum læknisfræðinnar þannig að við höfum getað tryggt þetta að mestu leyti og verið sjálfbær. Þetta hefur tekist með tiltölulega litlum tilkostnaði fyrir ríkið, en miklu álagi of afköstum sem og framleiðni lækna sem m.a. hafa rekið sínar eigin læknastofur við góðan orðstír og aðgengi að breiðri þekkingu þeirra sem spannar nútíma læknisfræði.

Hins vegar má finna að skipulagi, óraunhæfum kröfum og takmörkuðum skilningi stjórnmálaleiðtoga, þjóðfélagslegu umróti undanfarinna ára og niðursveiflu efnahags á tímabili sem reynt hefur á alla innviði, en ekki hvað síst má gagnrýna þá stefnu stjórnvalda að telja að tilfærsla fjármuna innan kerfisins fremur en að jafna útgjöld til samræmis við reynslu nágrannaþjóða okkar sé leiðin upp á við og út úr þeim vanda sem við blasir.

Það er ekki sjálfgefið að gott aðgengi að íslenskum læknum hér heima haldi áfram ef ógætilega er farið að viðkvæmu kerfi og því snúið á hvolf í einni andrá. Nýliðun í hópi lækna er grundvöllur áframhaldandi uppbyggingar og framþróunar læknisþjónustu landsins. Því er mikilvægt að ráðherra heilbrigðismála stígi varlega til jarðar og jaðarsetji ekki lækna meira en orðið er.

# Hóp aldraðra haldið utan samfélagsþátttöku



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Hvernig stendur á því, að hvorki ríkisstjórn né Alþingi hefur nokkurn áhuga á því að leiðrétta kjör aldraðra og öryrkja? Hvernig stendur á því, að þessir ráðamenn láta það afskiptalaust, að lægst launuðu aldraðir og öryrkjar hafi ekki nóg fyrir brýnustu útgjöldum? Þessir aðilar eiga jafnvel ekki fyrir mat síðustu daga mánaðarins. Þeir geta ekki átt eða rekið bíl; þeir geta ekki keypt tölvu og rekið hana; þeir verða oft að neita sér um að fara til læknis og geta ekki leyst út lyfin sín. Þessi hópur getur því ekki tekið fullan þátt í samfélaginu. Ríkisstjórn og Alþingi kemur í veg fyrir það. Það er mannréttindabrot.

Ég hef velt því fyrir mér, hvers vegna Alþingi og ríkisstjórn séu gersamlega áhugalaus um kjör og hag þess hóps, sem er á lægsta lífeyri almannatrygginga og hefur engar tekjur aðrar en lífeyri TR. Mér hefur komið eftirfarandi í hug: Sumir stjórnmálamannanna vita ekkert hvernig hagur þessara eldri borgara og öryrkja er í raun! Þeir telja, að umræddir lífeyrisþegar hafi nógu góð kjör. Þetta sást vel, þegar Ellert Schram, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, talaði við fyrrverandi alþingismann. Þessi fyrrverandi alþingismaður sagði eitthvað á þessa leið: Hvað eruð þið alltaf að væla. Eldri borgarar hafa það ágætt! Og ég hugsa að margir fleiri alþingismenn og jafnvel ráðherrar hugsi eins og telji hag verst launuðu aldraðra og öryrkja í lagi.

**Engin leið að dæmið gangi upp**

Er hagur þeirra ef til vill í lagi? Ég legg tölurnar fyrir lesendur svo þeir geti dæmt sjálfir: Aldraðir, sem hafa einungis tekjur frá TR, hafa 204 þúsund – 243 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Algengt er, að húsaleiga sé í kringum 200 þúsund kr. á mánuði. Ef um eignarhúsnæði er að ræða getur húsnæðiskostnaður verið nokkru minni en það munar þó ekki miklu. Fyrir það sem afgangs er þarf að greiða alla aðra útgjaldaliði, mat, fatnað, hreinlætisvörur, samgöngukostnað, lækniskostnað, lyf, gjafir, sjónvarp, síma og fleira. Það er engin leið, að þetta dæmi gangi upp. Stjórnmálamenn, sem hafa nú orðið mjög há laun ættu að skilja þetta. En það virðist þveröfugt. Það virðist svo sem eftir því, sem þeir hafa betri laun, átti þeir sig síður á því, að ekki er unnt að lifa af þeirri hungurlús, sem þeir skammta öldruðum og öryrkjum.

Þingmenn hafa í dag 1,1 milljón í laun fyrir skatt á mánuði. Síðan hafa flestir þeirra mörg hundruð þúsund til viðbótar í aukasporslur, fyrir að vera formenn í flokki (550 þús.), forseti Alþingis og varaforsetar, fyrir að vera formenn í nefndum og fyrir að sitja í nefndum. Þingmenn fá 1,1 milljón á mánuði þó þeir geri ekkert á Alþingi, flytji ekki eina einustu tillögu á Alþingi og sitji þegjandi. En um leið og þeir gera eitthvað fá þeir greitt sérstaklega fyrir það!

**Bruðl og óhóf**

Eins og frægt er orðið fá þingmenn mikla bílastyrki og þeir fá einnig mikla dagpeninga í utanlandsferðum. Þeir geta sent hótelreikninginn heim í Alþingi til greiðslu en fá þá helming dagpeninga. Hvort þeir geti skrifað kostnað á hótelreikningana veit ég ekki en kæmi það ekki á óvart. Miðað við bruðl og óhóf þeirra er óskiljanlegt, að þeir skuli ekki manna sig upp í að leiðrétta kjör lægst launuðu aldraðra og öryrkja og leiðrétta kjör þeirra allra.

Ráðherrarnir lifa við enn meira bruðl og óhóf. Þeir hafa fría bíla; þeir hafa nánast fríar utanferðir. Þeir fá miklu hærri dagpeninga en þingmenn; geta sent hótelreikningana heim í ráðuneytið og skrifað margs konar kostnað á hótelreikningana. Þeir þurfa varla að taka upp veskið.

Þetta eru mennirnir, sem eiga að ákveða hvað aldraðir og öryrkjar þurfi mikið í lífeyri sér til framfærslu. Þetta eru mennirnir, sem segja að hungurlúsin nægi öldruðum og öryrkjum. Er ekki tímabært, að þessir menn fari að borga eitthvað af sínum kostnaði af eigin launum eins og annað launafólk? Mættu þeir ekki greiða rekstur bíls af sínum eigin launum eins og aðrir? Það er tímabært að skera allt þetta bruðl og óhóf niður. Það fengjust þá peningar upp í kjarabætur aldraðra og öryrkja.

Kjör annarra eldri borgara eru betri en þó ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Þeir sem hafa lágar greiðslur úr lífeyrissjóði eru lítið betur settir en þeir, sem hafa engan lífeyrissjóð vegna mikilla skatta og skerðinga ríkisins. Skerðing TR vegna 150 þús. kr. úr lífeyrissjóði er tæpur helmingur upphæðarinnar. Það er allt annað en lagt var upp með en þá var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóður væri hrein viðbót við almannatryggingar. Það hefur verið svikið.













IKEA
Finndu frelsið
Brekkurnar eru engin hindrun á IKEA rafhjóli.
Þú getur komið við í gróðurhúsunum fyrir framan verslunina og tekið prufuhring. Prófaðu vistvænan og skemmtilegan ferðamáta sem opnar nýjar dyr. Þú sérð ekki eftir því.
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
99.900,-
FOLKVÄNLIG rafhjól 29"
Með hærri stöng
39.950,-
PENDLA rafhlaupahjól
99.900,-
FOLKVÄNLIG rafhjól 29"
Með lægri stöng
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA®













# Bólusetning bjargar lífum en betur má ef duga skal





**Ásgeir Haraldsson**
barnalæknir

**Valtýr Stefánsson Thors**
barnalæknir

**Það er hryggilegt að tugir barna hafa látist úr sýkingu sem er vel hægt að koma í veg fyrir með einfaldri bólusetningu. Látum þennan faraldur, sem nú geisar í Evrópu, vera okkur þarfa áminningu og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda börnin okkar – þau eru það dýrmætasta sem við eigum.**

Þróun og framfarir undanfarinna alda hafa bætt lífsskilyrði í heiminum. Framfarir í heilbrigðisvísindum hafa skilað aukinni þekkingu og bættri meðferð á mörgum sjúkdómum sem áður voru undantekningarlítið banvænir. Má þar t.d. nefna tilkomu sýklalyfja og meðferð við krabbameinum á síðari hluta 20. aldarinnar. Þó má fullyrða með vissu að engin uppfinning mannanna hafi verið eins árangursrík í að bæta lífsgæði og draga úr dánartíðni barna eins og bólusetningar. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að útrýma mörgum lífshættulegum og skaðlegum sjúkdómum. Vissulega hefur framþróun bóluefna ekki alltaf verið áfallalaus en í veruleika nútímans þar sem kostnaður við allar aðgerðir læknisfræðinnar þurfa að vera vel ígrundaðar, er líklega ekkert inngrip eins kostnaðar-ábatasamt og ungbarnabólusetningar.

Með tilkomu bólusetninga hefur tekist að útrýma lömunarveiki, bólusótt, stífkrampa og barnaveiki á Íslandi. Verulega hefur dregið úr tíðni kíghósta og heilahimnubólgu af völdum baktería og fjölda einstaklinga með mislinga, rauða hunda eða hettusótt má nánast telja á fingrum sér. Þessi árangur er frábær!

Rannsóknir hafa sýnt, að Íslendingar eru afar hlynntir bólusetningum. En bólusetningar eru líka fórnarlömb eigin velgengni. Þegar sjúkdómarnir hverfa og ógnin dregur sig tímabundið í hlé getur mikilvægi bólusetninga gleymst og í kjölfarið dregið úr þátttöku. Þetta hefur gerst á Íslandi og nú er svo komið að um 90% íslenskra barna eru bólusett gegn mislingum. Þetta kann að hljóma nokkuð gott en þýðir í raun að u.þ.b. 400 börn á hverju ári fá ekki sína ráðlögðu bólusetningu gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (MMR bóluefnið). Með tímanum verður því til umtalsverður hópur barna og ungs fólks sem er næmur fyrir mislingum sem eru einstaklega smitandi og hættuleg veira.

Mislingafaraldur geisar nú í Evrópu þar sem tæplega 40.000 manns hafa sýkst, um 5.000 hafa fengið alvarlega, stundum langvinna fylgikvilla og 39 hafa látist, flestir börn undir 5 ára. Langflestir þeirra sem sýkjast eru óbólusettir. Það er hryggilegt að tugir barna hafa látist úr sýkingu sem er vel hægt að koma í veg fyrir með einfaldri bólusetningu. Látum þennan faraldur, sem nú geisar í Evrópu, vera okkur þarfa áminningu og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda börnin okkar – þau eru það dýrmætasta sem við eigum.

Leggjum okkar af mörkum til að tryggja heilbrigði barnanna okkar, hvar sem þau eru í heiminum. Bólusetning bjargar lífum.

# Skiptir sumarlestur máli?



**Bjartey Sigurðardóttir**
talmeinafræðingur og verkefnisstjóri læsisverkefnis hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu Hfj.

Þeir sem hafa sinnt kennslu í grunnskólum um árabil vita að ef ekkert er lesið yfir sumartímann kemur lesfimi til með að hraka hjá mörgum nemendum. Yngstu nemendurnir eru sérstaklega viðkvæmir hvað þetta varðar, en einnig nemendur sem glíma við lestrarerfiðleika eða eiga annað móðurmál en íslensku. Hjá sumum nemendum getur bakslagið jafnvel orðið það mikið að lesfimi að hausti (mælt í orðum á mínútu) stendur á sama stað og í byrjun árs. Það þýðir í raun að heil önn hefur tapast! Til að koma í veg fyrir afturför í lestri yfir sumartímann nægir að börnin lesi að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku í u.þ.b. 15 mínútur í senn.

Það er athyglisvert að skoða með myndrænni framsetningu hvernig lesfimi einstakra nemenda þróast. Þar kemur greinilega fram að milli mælinga í maí og september á sama ári fer allstórum hluta nemenda aftur. Myndin sem fylgir þessum pistli er er gott dæmi um slíka afturför hjá nemanda í 5. bekk. Þessi myndræna framsetning er sláandi og án efa vilja foreldrar forðast að slíkt hendi þeirra börn. Þá er einnig auðvelt að ímynda sér samlegðaráhrif þess ef ekkert er lesið í 10-11 vikur á ári í gegnum alla skólagönguna. Bóklestur eflir orðaforða og bætir málskilning og því er hætta á að börn sem lesa lítið dragist aftur úr hvað varðar málþroska og lesskilning.

Það má benda á fjölbreyttar leiðir hvað varðar sumarlestur og t.d. hafa lestrarbingó og læsisdagatöl verið vinsæl meðal yngri nemenda (sjá vef mms.is). Með eldri nemendur má hvetja þá til að lesa efni af vefmiðlum, t.d. umfjöllun sem snýr að áhugasviði þeirra eða fréttir af ýmsum toga. Einnig má benda á rafbækur. Skilvirkast væri ef eftir lestur ættu nemendur að segja foreldrum/forráðmönnum frá efni þess sem lesið var og skapa umræður um lesefnið. Þá má nefna að á mörgum bókasöfnum eru í gangi sérstök átök hvað varðar sumarlestur, auk þess sem boðið er upp á faglega aðstoð við val á lesefni fyrir börn á öllum aldri.

Þeim tíma sem varið er í sumarlestur er því vel varið og getur þegar til lengri tíma er litið haft mikil áhrif á námsframvindu nemenda. Komum þeim boðum til barnanna okkar að það sé gaman að lesa skemmtilegar bækur og að lestrarstundir séu góðar samverustundir.

**Þróun lesfimi**




| Fyrirlögn | Bekkur | Orð á mínútu | Viðmið 1 | Viðmið 2 | Viðmið 3 |
|---|---|---|---|---|---|
| Maí 2018 | 5 | 154 | 90 | 140 | 160 |
| Jan. 2018 | 5 | 147 | 90 | 140 | 160 |
| Sept. 2017 | 5 | 128 | 90 | 140 | 160 |
| Maí 2017 | 4 | 146 | 80 | 120 | 145 |

**Hjá sumum nemendum getur bakslagið jafnvel orðið það mikið að lesfimi að hausti (mælt í orðum á mínútu) stendur á sama stað og í byrjun árs. Það þýðir í raun að heil önn hefur tapast! Til að koma í veg fyrir afturför í lestri yfir sumartímann nægir að börnin lesi að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku í u.þ.b. 15 mínútur í senn.**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 21. JÚNÍ 2018



Fyrir sex árum hafði Bjarki Fjalar Guðjónsson ekki minnsta áhuga á tísku og klæddist aðallega hettupeysum og íþróttabuxum. Í dag er hann þekktur fyrir klassískan fatastíl, innblásinn af herratísku fimmta til áttunda áratugarins. →4

# Fever Dream er ýktari útgáfan af mér

Tónlistarkonan Fever Dream, öðru nafni Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, kemur fram í bleikum Adidas-stuttbuxum á Secret Solstice tónlistarhátíðinni á laugardag ef veður leyfir. →2




Vigdís Ósk, eða Fever Dream, kemur fram á Secret Solstice tónlistarhátíðinni á föstudagskvöld og laugardag. MYND/STEFÁN



SUMARSPRENGJA!

20-60% afsláttur af völdum vörum,

Allar nýjar vörur á 10% afslætti.

comma,

SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Tónlist Fever Dream hefur verið lýst sem hörðu femínistarappi og Vigdís Ósk er nú um stundir búsett í Berlín þar sem hún er að leggja lokahönd á plötu sem kemur út í lok sumars. Hún kaupir fötin sín mest notuð og lýsir stílnum sínum sem blandi af hipphoppi, sækadelikrokki og hippalegum. „Ég kaupi mest í vintage búðum, Spúútnik og og Rauða krossinum á Íslandi og mörkuðum í Berlín en ég hef líka keypt beint af fólki á netinu, ef einhver auglýsir eitthvað flott á Instagram er ég fljót að hafa samband,“ segir hún. „Mér finnst mikilvægt að reyna að endurnýta eins og ég get en fer stundum í Urban Outfitters til að sinna hipphopp-hliðinni á mér.“

Aðspurð um uppáhaldsflíkur nefnir hún tvær. „Ég á kjól frá Hildi Yeoman sem ég held ótrúlega mikið upp á en nota of sjaldan því mér finnst að hann of fínn til að nota en svo vil ég líka nefna hippamussu sem ég keypti þegar ég var þrettán ára sem ég elska.“

Vigdís segir þær Fever Dream, sem er hennar annað sjálf, hafa svipaðan fatasmekk. „Ég held að hún sé svolítið lík mér en hún er kannski ýktari týpan af mér. Ragga Hólm, sem er dj-inn minn, er oft í frekar einföldum fötum en svo er ég í einhverju brjáluðu. Við vorum til dæmis að spila í Eistlandi um daginn og þá var hún í buxum og peysu í svörtu og hvítu og ég í einhverju brjáluðu bláu pleðurdressi og gulum bol.“

Talið berst að fylgihlutum og Vigdís segist ekki nota mikið af þeim. „Ég var einu sinni ótrúlega mikið fyrir hringa en svo fékk ég mér svo mörg tattú á höndina að ég er það ekki lengur. Það gerðist einu sinni að ég var að spila með flottan risastóran hring og svo svitnaði ég svo mikið að hringurinn rann af og skaust í andlitið á áhorfanda. Ég fann hringinn á eftir, ég elska þennan hring en ég takmarka fylgihluti síðan af því að ég er svo hrædd við að þeir skutlist í áhorfendur.“

Það nýjasta sem Vigdís keypti sér voru bleikar Adidas-stuttbuxur. „Ég sá þær á flugvellinum í Berlín og fannst þær fínar til að nota á Solstice en svo er spáð rigningu alla helgina svo ég er ekkert að fara að nota þær fyrr en ég fer aftur til Berlínar,“ segir hún glottandi. Þetta er í þriðja sinn sem Vigdís kemur fram á Secret Solstice en árin 2015 og 2016 kom hún fram með Reykjavíkurdætrum. „Ég á margar góðar minningar frá Solstice. Ein sú eftirminnilegasta er líklega að sitja baksviðs og horfa á Helga Björns troða sér í glimmer spandex.“

Og hún hlakkar til að stíga á svið og taka þátt í hátíðinni. „Ég er mjög spennt að sjá IAMDDB. Það verður vonandi betra hljóð heldur en í fyrra en þá smitaðist aðeins of mikið á milli sviða. Svo er ég mjög spennt að spila með Dream Wife, en ég fer á svið með þeim annað kvöld. Svo er ég með mitt eigið efni á laugardaginn klukkan hálf tvö, spila lög af plötunni frá í fyrra í bland við glænýtt efni.“

Að Íslandsheimsókn lokinni er ferðinni heitið aftur til Berlínar og þaðan til Póllands að spila á tónleikum. Í haust kemur svo út ný plata. „Hún á eftir að verða mjög ólík því sem ég hef verið að gera svo ég er mjög spennt fyrir því. Þetta verður eitthvað skemmtilegt.“



Vigdís Ósk lýsir stílnum sínum sem sækadelískum rokk-, hipphopp-hippalegum. „Fever Dream er svona ýktari útgáfan af mér,“ segir hún og brosir.

**„Ég kaupi mest í vintage búðum, Spúútnik og og Rauða krossinum á Íslandi og mörkuðum í Berlín og ef einhver auglýsir eitthvað flott á Instagram er ég fljót að hafa samband.**



Vigdís býr í Berlín og sinnir þar tónsmíðum og tónleikahaldi. Í haust kemur út ný plata með Fever Dream sem verður mjög ólík hinni fyrri.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



Útskriftarnemendur í samtímadansi frá Listaháskóla Íslands sitja fyrir í fatnaði frá okkur



Við þökkum þessum flotta hópi kærlega fyrir skemmtilega samvinnu og óskum þeim hjartanlega til hamingju með áfangann.



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

## Robell Gallabuxur



Kr. 12.900.-
Str. 36-52
2 síddir

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

## Stretch
– háar í mittið



Gallabuxur á 12.900 kr.
– 2 litir: dökkblátt, milliblátt
– stærð 34 – 54
– teygja í mitti

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15
Kíkið á myndir og verð á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:
Kringlan, Smáralind, Fjörður, Bónus, Kjörbúðin, Krambúð, Nettó, N1, Olís, Bóksala stúdenta, Háma


# Klassískur stíll

**Fyrir sex árum hafði Bjarki Fjalar Guðjónsson ekki minnsta áhuga á tísku og klæddist aðallega hettupeysum og íþróttabuxum. Í dag er hann þekktur fyrir klassískan fatastíl, innblásinn af herratísku fimmta til áttunda áratugarins.**




**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@frettabladid.is


Ég hef klassískan stíl í fínni kantinum sem er að miklu leyti innblásinn af herratísku fimmta til áttunda áratugarins. Því má segja að ég stingi aðeins í stúf við það sem er að gerast í almennri herratísku jafnaldra minna,“ segir Bjarki Fjalar Guðjónsson, handboltamarkmaður hjá ÍR. Hann lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í maí síðastliðnum en ætlar að taka sér ársfrí og hefja síðan nám í lögfræði við Háskóla Íslands.

„Sem stendur er ég að vinna og í vetur gæti ég vel hugsað mér að vinna í herrafataverslun og tengja þannig saman atvinnu og áhugamál. Við kærastan mín stefnum síðan á að leggjast í ferðalög, bæði innan lands og utan. Handboltinn er mitt helsta áhugamál og hefur verið í mörg ár en ég spila einnig á gítar þegar tími vinnst til og þá mest blús og klassískt rokk,“ upplýsir Bjarki.

Spurður hvort hann fylgist vel með nýjustu tísku segist Bjarki reyna að hafa puttann á púlsinum eftir því sem hægt er. „Þó er ekki beinlínis hægt að segja að ég fylgist með því nýjasta sem er að gerast hverju sinni. Réttara væri að segja að ég fylgist með þeim aðilum sem leggja línurnar í þeim geira herratískunnar sem ég hallast að, svo sem tískubloggurum á Instagram og öðrum spekingum sem skrifa í tilheyrandi tímarit,“ segir hann.

*Hvar kaupir þú oftast föt?*

„Þegar ég kaupi föt á Íslandi skipti ég mest við Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar og Herragarðinn. Erlendis hef ég gaman af því að rölta um götumarkaði í leit að notuðum og nýjum flíkum og fylgihlutum á kostakjörum. Síðan er vert að minnast á netverslunina Mr. Porter, en þar er mikið úrval merkjavöru á góðu verði.“

*Eyðir þú miklu í föt?*

„Já, það kemur alveg fyrir en ég hef það fyrir reglu að kaupa vandaðar flíkur og fylgihluti og þurfa þá aðeins að gera það sjaldnar. Það liggur því ljóst fyrir að kostnaðurinn sé nokkuð hár þar sem vandaðar vörur eru sjaldnast ódýrar.“

*Áttu þér tískufyrirmynd?*

„Í þeim efnum koma margir til greina og þá sérstaklega mörg af tískugoðum þess tímabils sem ég sæki innblástur í, t.d. Steve McQueen, ásamt nokkrum sem halda kyndli þessa tímabils á lofti enn í dag, svo sem Luca Rubinacci og Andreas Weinås sem báðir halda úti virkum Instagramsíðum.“

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og átt enn?*

„Það er brúnn flauels-blazer sem ég fann á markaði fyrir fimm árum síðan, að ég held. Ásamt því að vera eins og sniðinn á mig er jakkinn skuggalega þægilegur og hægt er að klæða hann upp og niður með hálstaui og öðrum fylgihlutum og því má segja að hann gangi upp við flest tilefni.“

*Notar þú fylgihluti?*

„Já, fylgihlutir eru mikilvægur hluti af heildarmyndinni. Úr, bindi, vasaklútar, armbönd og belti, svo dæmi séu tekin, eru ómissandi þegar kemur að því að undirstrika persónulegan stíl hvers og eins.“

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?*

„Fyrir sex árum hafði ég ekki minnsta áhuga á tísku. Ég henti mér í fyrstu hettupeysu og hlaupabuxur sem ég sá og gekk út í daginn á slitnum strigaskóm. Síðan vaknaði hjá mér áhugi á klassískum herraklæðnaði og hefur þessi áhugi vaxið og dafnað síðan. Ég klæðist mikið jarðlitum en lífga upp á þá með fylgihlutum eða stökum flíkum í skærari litum.“

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

„Nei, en hins vegar má segja að ég hafi komist næst því þegar ég tók skyndiákvörðun fyrir tveimur árum um að kollvarpa fatastílnum og fara í þveröfuga átt við það sem ég hafði verið að gera í nokkur ár fram að því. Í stuttu máli entist þessi tilraun í um það bil mánuð áður en flest nýju fötin voru komin í Góða hirðinn og fyrri fatastíll var tekinn aftur við.“

*Áttu þér uppáhaldshönnuð eða -fatamerki?*

„Ég held mikið upp á Ralph Lauren og Barbour, en flest snið frá þessum merkjum klæða mig vel. Einnig held ég mikið upp á skyrtur frá Stenströms.“

Bjarki kaupir gjarnan föt hjá Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar og Herragarðinum.



Bjarki er óhræddur við að fara eigin leiðir í fatastíl.






Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314










# Chanel-hönnun fyrir Íslendinga

**Það er líkt og Karl Lagerfeld hafi hugsað til Íslands þegar hann hannaði plaststígvél, yfirhafnir og hatta úr plasti fyrir sumarið 2018. Að minnsta kosti gæti þessi klæðnaður komið sér vel í íslenskum brúðkaupum í sumar.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Rigningarsumarið 2018 ætlar lítinn enda að taka á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna má vel fagna sumartískunni frá Chanel. Hver myndi ekki vilja eiga slíkan plastfatnað yfir fallegu sumardressin þegar farið er í brúðkaup, afmæli eða annan fagnað? Karl Lagerfeld vakti mikla athygli með þessari plasttísku þegar hann sýndi hana á tískuvikunni í París í fyrra. Nú eru þessar vörur komnar í sölu og skórnir kosta rúmlega 140 þúsund krónur.

Tískusýning Chanel var í náttúrulegu gerviumhverfi með sex fossum og fjöllum. Gestir áttu að hafa það á tilfinningunni að þeir væru staddir í ósnertri náttúru, kannski á Íslandi. Glær plaststígvélin, bæði há og lág, settu svip á sýninguna, að ekki sé talað um hattana og slárnar. Allt úr plasti sem hentar mjög vel þegar rigningin er óstöðvandi.



Lagningin ætti að haldast vel með þetta furðulega höfuðfat.



Fyrirsæta frá Chanel tilbúin fyrir íslenska rigningarsumarið. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Lægri stígvél. Þennan sérstaka skóbúnað er hægt að kaupa hjá Chanel fyrir um 140 þúsund krónur.



Karl Lagerfeld býður meira að segja hanska úr plasti. Svolítið öðruvísi en þeir verja sannarlega gimsteinana.



Hattur og herðaslá úr plasti frá Chanel.



Þessi stígvél ná upp á læri og taskan er sömuleiðis varin í plasti.



Stígvélin eru sannarlega öðruvísi og engin hætta á að konur vökni í fæturna í þessum.
















**HM TILBOÐ**

# 30%

**afsláttur** af völdum vörum







# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ CiSO

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**7 MANNA - SJÁLFSKIPTUR**

PEUGEOT 5008 panorama 7 manna. Árgerð 7/2013, ekinn aðeins 72þ. km. , dísel, sjálfskiptur. Glerþak, góð dekk, komast 3 bílstólar aftur í. Verð 1.990.000. Rnr.247719. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717



**OFURTILBOÐ 1390Þ. - DÍSEL**

HYUNDAI I30 dísel. Árgerð 2012, ekinn aðeins 76þ.km., SJÁLFSKIPTUR, ný dekk, skoðaður 2020. Einn eigandi! Ofurtilboð 1.390.000. Rnr.246344. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S. 567 2000



**ÓDÝR 1790 ÞÚS !!!**

Dazia Dokker 06/2018 Nýr bíll, rennihurð báðum megin ! Aðeins nokkrir bílar í boði núna á 1790 + VSK !!! Syningarbill á staðnum, tökum gamla vinnubilinn uppí !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

BRAUT BÍLASALA



FENDT Tendenza 515 SG Árgerð 2018 Nýtt og ónotað stórglæsilegt hús á frábæru verði ásett verð/ skiptiverð 5.380.000.- Tiboðsverð Staðgreitt kr4.790.000.-Rnr.105777 Braut Netbílasala fritt að skrá vantar bíla á skrá mikil sala bilabraut@ bilabraut.is

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**

VW Golf 1.6 Dísel Comfortline. Árgerð 2018, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.136950.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

BORGARBÍLASALAN 580 8900 • borgarbilasalan.is



**HVÍTI HRAFNINN!!!**

'14 RENAULT MASTER 7 MANNA PALLBÍLL. EK. 115 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 2.580Þ+VSK #473226. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

## Bílar til sölu



**RAF IHARLEY HJÓL.**

Fást hjá Ludviksson ehf Flatahrauni 31 - Hafnarfirði S: 565 8911 - 867 8911

## Bílar óskast

Óska eftir kaupa Toyota Corolla árg. '95 og ek. innan 150þús km. Má vera illa á sig komin. Þarf að vera í 100% ökuhæfu standi. Uppl. í síma 483 3568

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar




**HEIMAVÍK**

Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www. heimavik.is




VEIÐIPORTIÐ



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavik 552-9940

## Viðgerðir




## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu







Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

VEIÐIPORTIÐ



Bússur- Þessar gömlu góðu. 8.900 kr. St. 40-48 Veiðiportið Grandagarði 3 S:552-9940

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**

12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**KLÚBBHÚSIÐ GRAFARHOLTI**

Starfsmaður óskast í þjónustustarf 50-100% vinna. Uppl. í s. 661 0430

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



Útvegum starfsmenn

**TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA**

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

**PROVENTUS** Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
**Í FRÉTTABLAÐINU**

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Álit Skipulagsstofnunar

### Allt að 20.800 tonna framleiðsla á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Fiskeldis Austfjarða er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Póstdreifing
við komum því til skila

**PÓSTURINN KEMST ENN BETUR TIL SKILA EF...**

útiljósin eru kveikt, stéttin mokuð og póstkassarnir vel merktir.

www.postdreifing.is



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | **handafl.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

**viftur.is**



Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Hef tröllatrú á að Tryggvi Snær verði valinn í nýliðavalinu

**Tryggvi Snær Hlinason gæti orðið þriðji Íslendingurinn sem gengur á mála hjá NBA-liði, en hann kemur til greina í nýliðavali deildarinnar sem fram fer í New York í nótt. Pétur Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsmaður í körfubolta, sem var fyrstur Íslendinga til að spila í deildinni, hefur miklar mætur á Tryggva Snæ.**

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltafjölskyldan mun vaka fram eftir í nótt og fylgjast afar spennt með því hvort hávaxni Bárðdælingurinn Tryggvi Snær Hlinason hljóti náð fyrir augum einhvers liðanna í NBA-deildinni í nýliðavalinu sem fram fer í New York í Bandaríkjunum. Tryggvi Snær sem er á mála hjá spænska liðinu Valencia hefur verið á faraldsfæti um Bandaríkin síðustu daga þar sem hann hefur æft í æfingabúðum NBA-liða í Phoenix, Dallas, Denver, Los Angeles, Oklahoma og Boston.

Tryggvi Snær hélt svo til New York í gær og verður þar með foreldrum sínum, forráðamönnum KKÍ og fleiri aðilum úr körfuboltafjölskyldunni sem stutt hafa hann með ráðum og dáð undanfarin ár. Það verður ofboðslega spennandi að sjá hvort Tryggvi Snær verður þriðji Íslendingurinn sem gengur á mála hjá NBA-liði.

För Tryggva Snæs upp í hæstu hæðir körfuboltans hefur verið lygileg, en það er körfuboltafrömuðurinn á Akureyri, Ágúst Guðmundsson, sem á ríkasta þáttinn í því að kynna þennan geðþekka sveitapilt fyrir körfuboltaheiminum. Ágúst sótti hann á sveitabýli foreldra hans, Svartárkot í Þingeyjarsveit, fyrir tæpum fimm árum og fór með hann á unglingaflokksleik Tindastóls og Njarðvíkur á Sauðárkróki. Það var í fyrsta skipti sem Tryggvi Snær sá körfubolta með berum augum.

Tryggvi Snær hóf svo að leika með meistaraflokksliði Þórs Akureyrar árið 2014, þá 17 ára gamall, en ári síðar hjálpaði hann norðanmönnum við að komast upp í efstu deild. Liðið lék þá undir stjórn Benedikts Rúnars Guðmundssonar sem ætlar að leggja land undir fót og vera viðstaddur stóru stundina hjá fyrrverandi lærisveini sínum. Fjórum árum eftir að Tryggvi Snær fór á sinn fyrsta körfuboltaleik var hann að kljást við bestu leikmenn Evrópu fyrir Íslands hönd á EuroBasket síðasta sumar.

Annar aðili sem hefur veitt Tryggva Snæ af djúpum viskubrunni sínum er Pétur Guðmundsson sem varð fyrsti Íslendingurinn til þess að leika í NBA-deildinni þegar hann spilaði með Portland Trail Blazers tímabilið 1981 til 1982, en hann spilaði síðar með Los Angeles og San Antonio Spurs. Pétur hitti Tryggva Snæ fyrir tveimur árum og gaf honum góð ráð.

„Ég er ofboðslega spenntur fyrir þessu og hlakka til þess að sjá hvort hann verður valinn. Það hefur verið gaman að fylgjast með framgöngu Tryggva Snæs undanfarin ár og þetta er alveg lygileg þróun sem hefur verið á leik hans. Mig rekur minni til þess að Hakeem Olajuwon hafi byrjað að æfa körfubolta á svipuðum aldri og Tryggvi Snær. Hann var markmaður í fótbolta og byrjaði bara að æfa hjá Houston Rockets og átti svo afskaplega góðan feril og lét mig meðal annars finna fyrir því undir körfunni á sínum tíma,“ sagði Pétur um þróun mála hjá Tryggva Snæ.

„Ég hef verið að fylgjast með umræðunni hér vestanhafs, en það er mikið fjallað um ævintýrið í kringum Tryggva Snæ. Þeir meta hann á topp 60 af þeim sem koma til greina í nýliðavalinu að þessu sinni og það er vonandi að eitthvert liði líti til hans. Það mun líka vinna með honum hversu mikið gæðablóð hann er og góður í hóp. Hann hefur líklega heillað þá sem sáu hann æfa hér ytra, bæði innan vallar sem utan,“ sagði Pétur um möguleika Tryggva Snæs í nýliðavalinu.

„Mitt mat er hins vegar að Tryggvi Snær ætti að halda áfram í Evrópu og bæta sinn leik þar þrátt fyrir að hann yrði valinn í þessu vali. Það er afar hæpið að hann myndi fá mínútur í NBA á næstu leiktíð og hann yrði þá að mestu leyti að æfa með þeim sem eru utan hóps. Þá held ég að neðri deildin [G League] sem er ætluð þeim sem eru ekki í hóp hjá NBA-liðunum henti Tryggva Snæ ekki vel, þar sem það er mikil bakkaradeild,“ sagði Pétur um hver næstu skref ættu að vera hjá Tryggva Snæ að hans mati.

„Körfuboltinn hefur breyst mikið og það er ekki mikið um hreinræktaða miðherja eins og Tryggvi Snær er. Hann getur varið teiginn alveg svakalega vel og lokað fyrir lið andstæðinganna að körfunni. Flest lið spila með miðherja sem er minni en Tryggvi Snær og getur hreyft sig hraðar á fótunum. Það eru hins vegar enn til þjálfarar sem kunna að meta miðherja eins og hann er og vilja spila með stóran mann í teignum. Tryggvi Snær hefur sýnt það undanfarin ár að hann getur spilað í háum gæðaflokki og ég hef mikla trú á þessum strák,“ sagði Pétur um eiginleika Tryggva Snæs.



**Tryggvi Snær Hlinason í leik með Valencia, en hann gæti verið á leið frá félaginu í NBA-deildina.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Spegilmynd af leiknum gegn Ungverjalandi

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, segir að það sé ótrúlega margt líkt með leiknum gegn Nígeríu á morgun og gegn Ungverjalandi á Evrópumótinu árið 2016. Gekk hann svo langt að kalla þetta spegilmynd en Ísland mætir þá liðinu sem er fyrirfram talið lakasta lið riðilsins eftir að hafa náð jafntefli gegn sterkasta liðinu á pappírnum.

Ísland fylgdi því eftir með jafntefli gegn Ungverjalandi og telur Hannes að strákarnir okkar séu betur í stakk búnir í dag. „Það er ótrúlega margt líkt með þessum leik á HM og leik okkar gegn Ungverjum, þetta er í raun spegilmynd og við búum að mikilvægri reynslu eftir hann. Við erum á sama stað með gott stig eftir fyrstu umferðina og við getum tekið risastórt skref í átt að útsláttarkeppninni með sigri á morgun,“ sagði Hannes og bætti við: „Spennustigið í leikmannahópnum var fullhátt gegn Ungverjum, vitandi að sigur myndi koma okkur áfram, en við lærðum af því hvernig við eigum að fara inn í leiki eins og þessa. Jafnteflið í fyrsta leik þýðir ekkert ef þú fylgir því ekki eftir í þeim næsta og Ungverjarnir biðu eftir mistökum okkar. Við munum nýta okkur þessa reynslu gegn Nígeríu annað kvöld.“

Hann segist þrífast best í stórleikjum eins og gegn Argentínu á dögunum þegar hann varði vítaspyrnu frá Lionel Messi en þau tilþrif áttu stóran þátt í stiginu sem Ísland fékk út úr leiknum.

„Því stærri sem leikirnir eru, því meira fara taugarnar af stað. Ég reyni að stilla spennustigið hjá mér sem gengur best að undirbúa mig fyrir stórleikina. Þegar komið er í leikina virðist þetta smella, það er í raun engin töfralausn,“ sagði Hannes sem naut þess að spila gegn Argentínu en er kominn með einbeitinguna á næsta leik.

„Þetta var allt annað en venjulegur dagur í vinnunni, hreint ótrúleg upplifun og við erum allir stoltir en við verðum að leggja það til hliðar í bili. Einbeitingin er komin á næsta leik, við munum eflaust heyra nóg af þessu þegar komið verður aftur heim til Íslands.“ – kpt



**Hannes Þór Halldórsson ræðir hérna málin á léttu nótunum við Heimi Hallgrímsson, þjálfara íslenska liðsins, á æfingu í Rússlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stjarna dagsins á HM 2018

Rui Patrício, markvörður Portúgala, hreppir hnossið að þessu sinni, en það er við hæfi að markvörður verði fyrir valinu á degi þar sem þrjú mörk voru skoruð í þremur leikjum.

Patrício sem gekk á dögunum til liðs við Wolves, sem verða nýliðar í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð, varði nokkrum sinnum meistaralega þegar Portúgal lagði Marokkó að velli með einu marki gegn engu.

Patrício sá til þess að mark Cristianos Ronaldo í upphafi leiksins dugði til sigurs, en Portúgal hefur fjögur stig eftir fyrstu tvo leiki sína á mótinu. Patrício var að leika sinn 71. landsleik í dag.



**HM 2018 í Rússlandi í gær**

**A-riðill**

**Úrúgvæ - Sádi-Arabía 1-0**
1-0 Luis Suárez (23.)

**B-riðill**

**Portúgal - Marokkó 1-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (4.)

**Spánn - Íran 1-0**
1-0 Diego Costa (54.)

## Ronaldo náði að skáka Puskás

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo hefur alfarið séð um markaskorun Portúgals á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu karla sem fram fer í Rússlandi þessa dagana. Ronaldo skoraði þrennu þegar Portúgal gerði 3-3 jafntefli við Spán í fyrstu umferð B-riðils mótsins um síðustu helgi og skoraði svo sigurmarkið í 1-0 sigri liðsins á Marokkó í gær.

Ronaldo er þar af leiðandi orðinn markahæsti leikmaður mótsins með fjögur mörk, en Denis Cheryshev og Diego Costa koma næstir með þrjú mörk hvor. Ronaldo hefur nú skorað 85 landsliðsmörk í 152 leikjum og er orðinn markahæsti evrópski landsliðsmaður sögunnar.

Ferenc Puskás hefur átt metið yfir flest mörk evrópskra landsliðsmanna í landsleikjum í 62 ár, en hann skoraði 84 mörk fyrir Ungverjaland í 85 leikjum á árunum 1945 til 1956. Ronaldo er jafnframt orðinn næstmarkahæsti landsliðsmaður sögunnar. Ali Daei á metið en hann skoraði 109 mörk fyrir íranska landsliðið á árunum 1993-2006. – hó



## HM í dag

**12.00** Danmörk – Ástralía
**15.00** Frakkland – Perú
**18.00** Argentína – Króatía

Listvinafélag Hallgrímskirkju 36. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 36th season





# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

### Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

## Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



### Helgartónleikar
**með alþjóðlegum konsertorganistum**

### Weekend concerts
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm with international concert organists**



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

### Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Europcar · Hotel Holt · Apotek

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815

## Merkisatburðir

**1377** Ríkharður 2. tekur við sem Englandskonungur.

**1621** 27 tékkneskir aðalsmenn eru teknir af lífi á torgi í Prag vegna þátttöku sinnar í orrustunni við Hvítafjall.

**1809** Jörundur hundadagakonungur og Samuel Phelps koma til Reykjavíkur á skipinu Margaret & Anne.

**1926** Jón Helgason biskup fær að gjöf gullkross með keðju frá prestum landsins, en hann varð sextugur þennan dag. Krossinn skyldi vera embættistákn og ganga til eftirmanna hans á biskupsstóli.

**1940** Síðari heimsstyrjöldin: Frakkar gefast upp fyrir Þjóðverjum.

**1942** Síðari heimsstyrjöldin: Þjóðverjar sigra í orrustunni um Tobruk í Líbíu og hertaka borgina.

**1959** Sigurbjörn Einarsson guðfræðiprófessor er vígður til biskups yfir Íslandi og gegnir hann því embætti til 1981.

**1963** Giovanni Battista Enrico Antonio Maria Montini verður Páll 6. páfi.

**1964** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1966** Um 140 lögregluþjónar skemmta Reykvíkingum með söng af tröppum Menntaskólans í Reykjavík, sem hluti af móti norrænna lögreglukóra.

**Lokað**

Vegna útfarar **LÁRUSAR ÖGMUNDSSONAR** verða skrifstofur Ríkisendurskoðunar lokaðar í dag.

**Ríkisendurskoðandi**

✝



Elskulegi sambýlismaður, pabbi, stjúppabbi, tengdapabbi og afi,

**Pétur Böðvarsson**

lést á Landspítalanum 18. júní sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 26. júní kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Valgerður P. Hreiðarsdóttir**
**Íris Brynja Pétursdóttir** **Tom Tychsen**
**Kolbrún Erla Pétursdóttir** **Björn Sveinlaugsson**
**Hjördís Pétursdóttir** **Jonas Hansen**
**Böðvar Pétursson** **Valgerður Björnsdóttir**
**Hafþór Harðarson**
**Elsa Harðardóttir**
**Hilmir Harðarson**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þormar Svavarsson**

Laugarbökkum,

verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 23. júní kl. 11. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Edda Stefáns Þórarinsdóttir**
**og fjölskylda.**

✝



Elskuleg móðir okkar, systir, mágkona, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Sigríður Gunnarsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 13. júní. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 25. júní klukkan 11.00.

**Páll Magnússon**
**Tumi Magnússon** **Ráðhildur Ingadóttir**
**Pétur Magnússon** **Ásdís Thoroddsen**
**Guttormur Magnússon** **Brit Sejersted Bødtker**
**Anna Sigurveig Magnúsdóttir**
**Gylfi Gunnarsson** **Sólborg Sumarliðadóttir**



**Bjarni Ólafur Eiríksson, leikmaður Vals, hugsar gríðarlega vel um líkamann á sér.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Byltingarkennd nýsköpun í iðkun íþrótta á landinu

**Íslenskir sérfræðingar taka þátt í nýsköpunarverkefni sem beinist að íþróttaiðkun. Verkefninu lýkur um áramót þegar snjallsímaforrit verður gert aðgengilegt. Gert er ráð fyrir að forritið verði aðgengilegt eftir áramót en prófanir, sem lofa góðu, munu standa út árið.**

Þ„Það er alltaf þörf fyrir nýsköpun á sviði íþrótta," segir prófessor Arnold Baca frá Íþróttaháskólanum í Vínarborg en Ísland er meðal fimm landa sem hafa sameinast um að vinna að bættri aðstöðu og iðkun margs konar íþrótta meðal ungmenna í þessum löndum. Samstarf þetta er stutt af Framkvæmdastjórn ESB undir Erasmus+ Sport áætluninni. Lögð er sérstök áhersla á að íþróttir leiði til heilsueflingar og er lagt mikið upp úr íþróttaiðkun háskólastúdenta.

Ísland hefur fengið um 10 milljónir króna til að standa straum af kostnaði við þátttöku í verkefninu en í heild kostar verkefnið um hálfan milljarð króna.

Aðrir þátttakendur í verkefninu er Íþróttaháskólinn í Sofia, Íþróttaháskólinn í Vínarborg, Háskólinn í Vestur-Ungverjalandi, Samtök ungmenna í vísindum og viðskiptum í Tallinn og Goce Delcev háskólinn í Stip. Íslenskir þátttakendur eru Krefjandi; félag um rannsókna- og nýsköpunarstarfsemi ásamt íþróttavísindasviði Háskólans í Reykjavík.

> **Það er alltaf þörf fyrir nýsköpun á sviði íþrótta**
>
> prófessor Arnold Baca frá Íþróttaháskólanum í Vínarborg.

Markmið samstarfsins er að bæta núverandi kerfi íþróttaþjálfunar í háskólum í þátttökulöndunum. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að bæta tæknilegan þátt þjálfunar. Því hefur verið hannað smáforrit, sem iðkendur geta notað í síma við íþróttaþjálfun. Þetta smáforrit er þungamiðjan í samstarfinu.

Að baki þessari hönnun er prófessor Arnold Baca frá Íþróttaháskólanum í Vínarborg.

Leitað hefur verið til íslenskra háskólanema til að prófa forritið og þjálfunaráætlunina nú í haust. Þeir verða beðnir um að stunda ákveðna þjálfun sem byggir á smáforritum í snjallsímum og bera á sér lítil tæki sem nema hreyfingu og líkamsástand. Þá fá háskólanemar í samstarfslöndunum fimm tækifæri til að þróa nýjar aðferðir við þjálfun.

Gert er ráð fyrir að forritið verði aðgengilegt eftir áramót en prófanir, sem lofa góðu, munu standa út árið. Nemum frá íþróttasviði Háskólans í Reykjavík er boðið að taka þátt í þróun smáforritsins og munu þeir æfa eftir því.

**benediktobas@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 21. JÚNÍ 1991

## Perlan opnuð í Öskjuhlíð

Það var þennan dag fyrir sautján árum að Perlan, útsýnishús Hitaveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíð, var formlega tekin í notkun. Fyrstu hugmyndir um byggingu glæsihúss í Öskjuhlíð komu frá meistara Kjarval árið 1930. Í hugljómun Kjarvals átti húsið að svara birtu dags og táknum nætur, en betri lýsing á Perlunni sem reist var sextíu árum síðar er vandfundin. Perlan er í senn magnað og merkilegt mannvirki.

Hún hvílir ofan á sex hitaveitugeymum sem samtals rúma 24 milljónir lítra af heitu vatni og er byggð úr stálgrind sem hefur öðru og meira hlutverki að gegna en að tengja saman hitaveitugeyma og mynda hvolfþak, því stálið er hitagjafi hússins.

Grindin, sem er hol að innan, virkar eins og risastór ofn. Á köldum vetrardögum streymir um hana heitt vatn, en kalt vatn á heitustu sumardögum. Með þessu móti er hitastigi Perlunnar haldið stöðugu og hægt er að ganga um léttklæddur í hvolfinu meðan ísköld stórhríð geisar úti fyrir. Samtals var byggingarkostnaður Perlunnar á annan milljarð króna. Byggingarefnin stál og gler lögðu grunn að afar slæmum hljómburði, en með sérstökum aðferðum í klæðningu, einangrun, teppalögn og hátölurum tókst að framkalla úrvals hljómburð sem nýtur sín vel jafnt í Vetrargarðinum á fyrstu hæð og veitingasalnum á fimmtu hæð, en hljóðtæknileg hönnun Perlunnar fékk alþjóðlegu Golden Ear-verðlaunin árið 1993.



**Perlan var opnuð á þessum degi árið 1991. Fréttablaðið/Anton Brink**

Ótrúlega víðsýnt er af útsýnispöllum Perlunnar þar sem finna má sex útsýnisskífur með hljóðböndum á fimm tungumálum. Stolt Perlunnar er heimsklassa veitingahús með snúningsgólfi þar sem gestir njóta þess besta í mögnuðu útsýni. Perlan hefur verið valin í hóp fimm bestu útsýnisveitingahúsa heims. **– bb**

SAMSUNG

Skoðaðu **net-tilboðin** á ormsson.is



Koma svo!

# HM-tilboð

## þegar græni liturinn skiptir öllu máli

**Fullt hús af Samsung sjónvörpum í mörgum stærðum og gerðum, bognum eða beinum, bara Samsung gæði.**




UE65MU9005 **299.900,-**

UE55MU9005 **269.900,-**

QE55Q7C **249.900,-**

QE65Q7C **359.900,-**

UE55MU7055 **179.900,-**

UE75MU7005 **389.900,-**

UE55MU6175 **129.900,-**

UE75MU6175 **349.900,-**

UE55MU6455 **169.900,-**

SAMSUNG SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

8-15 og rigning um landið vestanvert í dag. Heldur hægari suðvestanátt og lengst af þurrt austan til. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast á Austurlandi. Það má búast við snörpum vindhviðum á norðanverðu Snæfellsnesi. Einnig sums staðar á Vestfjarðakjálkanum.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 11° |
| ↗4 | ↗12 | ↗10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 13° | 5° |
| ↘2 | ↗6 | ↑10 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 14° |
| ↑5 | ↑7 | ↗6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 9° | 7° |
| →1 | ↙4 | ↑9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. mölvaði
5. upphaf
6. rún
8. klaufska
10. prófgráða
11. bók
12. lasleiki
13. fugl
15. umfang
17. fjandi

**LÓÐRÉTT**
1. aldin
2. leiktæki
3. óhreinka
4. ríki í afríku
7. bókstafur
9. borgað
12. kattardýr
14. nagdýr
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | ■ | | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. braut, 5. rót, 6. úr, 8. ólagni, 10. ma, 11. rit, 12. pest, 13. emúi, 15. rúmtak, 17. satan.
**LÓÐRÉTT:** 1. brómber, 2. róla, 3. ata, 4. túnis, 7. rit-tákn, 9. greitt, 12. púma, 14. mús, 16. aa.

## Skák Gunnar Björnsson

Lissizyn átti leik gegn Bondarevski í Leníngrad árið 1950

**Hvítur á leik**

**1. Bxe4+! fxe4 2. He5+! Kd6 3. Hxe4 ½-½.**

Íslenska liðið í opnum flokki verður kynnt til leiks í dag og óhætt er að segja að þar séu allstór tíðindi á ferðinni.

**www.skak.is**: Ólympíuliðið kynnt



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLADIÐ.IS Job.is

# Ef hugmynd gengur ekki upp gríp ég þá næstu

**Hin norska Birgit Djupedal talar íslensku sem innfædd eftir tæplega tveggja ára dvöl hér við tónsmíðanám. Nokkur laga hennar munu hljóma í Þingvallakirkju í kvöld á tónlistarhátíðinni Sælugauk.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Birgit Djupedal útskrifaðist nýlega sem tónskáld frá Listaháskólanum og hélt fjölbreytta tónleika í tilefni af því með eigin verkum í flutningi íslenskra tónlistarmanna, meðal annars úr Caputhópnum sem Guðni Franzson stjórnaði.

„Ég kem frá Bodö í Norður-Noregi, er alin upp þar en eftir menntaskólann fór ég til Þrándheims að læra tónlistarfræði og lauk BA-námi. Svo fór ég í kirkjutónlist í eitt ár og síðan kom ég hingað haustið 2016,“ upplýsir Birgit þar sem við sitjum og sötrum kaffi á Kjarvalsstöðum. Hún kveðst ætla að vera ár í viðbót á Íslandi. Mig langar að vita hvað dró hana hingað.

„Ég var að leita að mastersnámi í tónsmíðum. Langaði í eitthvað nýtt. Þá fann ég Listaháskólann hér. Ég hafði komið til Íslands einu sinni áður, þegar ég var þrettán ára, þá var ég á kórahátíð í Hafnarfirði. Mér fannst Ísland heillandi og langaði að koma aftur. Sótti um skólann og var svo heppin að vera tekin inn. Það er mjög skapandi andi í Listaháskólanum, þar spyrja kennararnir hvað nemendurnir vilji gera, í stað þess að troða einhverju upp á þá. Þeir hjálpa öllum við að finna út það besta fyrir hvern og einn. Mér finnst svo skemmtilegt að gera alls konar, semja, stjórna, spila, flytja, syngja, kenna. Því passaði mér mjög vel að vera í þessum skóla.“

Það er eins og við Birgit höfum alltaf þekkst. Þegar ég furða mig á færni hennar í íslensku brosir hún og kveðst hafa haft góða kennara sem séu vinir hennar og kennarar. „Ég fór í einn íslenskukúrs en eiginlega var best að gera eins og núna, drekka kaffi og spjalla! Svo á ég líka íslenskan kærasta og það hjálpar mikið. Hróðmar Sigurbjörnsson er búinn að vera aðalleiðbeinandi minn í náminu og hann er frábær. Að tala um tónlist er erfitt, sérstaklega á framandi tungumáli, en hann vildi alltaf að við töluðum íslensku og það virkaði.“

*Finnur þú fyrir skyldleika Norðmanna og Íslendinga?*

„Já, þjóðirnar eru mjög svipaðar. Allir hafa tekið mér vel hér. Það var pínu vandamál í byrjun að ef ég ætlaði að panta mér kaffi á kaffihúsi og reyndi að segja „einn kaffi takk“ á íslensku þá skipti fólk strax yfir í ensku, þegar það heyrði að ég var ekki Íslendingur. Það fannst mér leiðinlegt. Ég var að reyna að tala íslensku.“

Nú verð ég að vita meira um kærastann og hvar hún kynntist honum. „Við kynntumst í Háskólakórnum. Hann heitir Óskar og er Völundarson, sagnfræðingur að mennt og vinnur við að búa til bækur fyrir blinda og sjónskerta. Ég var mjög heppin að hitta hann, hann er alveg frábær og fjölskyldan hans hefur tekið mér afar vel. Það er svo dýrmætt og áhugavert að kynnast fjölskyldu í öðru landi, það er öðruvísi en að vera alltaf innan skólasamfélagsins og á kaffihúsum. Við Óskar erum bæði hætt í Háskólakórnum, nú er ég í kór Breiðholtskirkju og hann í Fílharmóníu.“

Birgit þykir íslensk kóramenning áhugaverð. „Í Noregi syngja 5% íbúanna í kór en hér á landi eru þeir 10%. Þið eigið líka mikið af flottri kórtónlist og Íslendingar eru duglegir að semja ný verk.“

Sjálf er Birgit iðin við tónsmíðar og henni og fleiri kynsystrum ofbýður hversu fá lög eru eftir konur í norsku sálmabókinni. Því vinna þær að útgáfu nýrrar bókar með 50 lögum og á tónlistarhátíðinni Sælugauk í Þingvallakirkju í kvöld munu gestir fá að heyra valda sálma við lög eftir Birgit. Hún segir jafnrétti kynjanna meira hér en í Noregi þegar kemur að tónlist. Þar séu karlar valdir í allt. Hér séu konur sem fást við tónsmíðar metnar að verðleikum og það finnst henni mjög mikilvægt.

*En er eitthvað sérstakt sem einkennir hennar tónlist?*

„Það er erfitt fyrir mig að meta. En ég hugsa oft til þeirra sem ætla að flytja tónlistina, ekki bara hlustenda. Ég var alltaf að læra á píanó og veit hvernig það er að nota endalausan tíma í að æfa eitthvað sem manni þykir ekki skemmtilegt. Því hef ég að markmiði að fólk finni eitthvað áhugavert í tónlistinni minni og skemmti sér við að flytja hana, ég er sannfærð um að það skilar sér til áheyrenda.“

Birgit ólst upp við klassíska tónlist og á móður sem er tónlistarkennari í menntaskóla. Nú langar hana sjálfa að kenna næsta vetur. „Ég held það sé mjög áhugavert að vera tónmenntakennari. Ég er búin að vera í háskóla í fimm ár og hugsa um flókna hluti, því væri gaman að vera innan um krakka. Það mundi færa mig nær grunninum aftur. Mér þætti líka áhugavert að stjórna kór. Mér dettur margt í hug og ef hugmynd gengur ekki upp gríp ég þá næstu enda hef ég allt líf mitt fyrir framan mig.“

Birgit fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna í fyrrasumar og vann þá með Spilmönnum ríkínís, sveit sem leikur á eldgömul hljóðfæri. „Ég fór að skoða þjóðlög og búa til lög við gamla texta, undir norskum og íslenskum áhrifum. Er enn að vinna með Spilmönnum ríkínís, var einmitt með þeim á Akureyri núna nýlega á þjóðlistahátíðinni Vöku, er búin að læra mikið af þeim. Maður getur ekki gert neitt mjög flókið með þessi gömlu hljóðfæri svo það þarf að hugsa hlutina öðruvísi en þegar maður er með klassísk hljóðfæri í höndunum, píanó eða strengjasveit. Svo fékk ég áhuga á norsku hljóðfæri sem heitir langeleik og er svipað langspili. Ég veit ekki um aðra á Íslandi sem spila á langeleik, svo ég segi hin kotrosknasta að ég sé besti langeleikspilari Íslands!“

Bókasafn Norræna hússins hefur verið vinnustaður Birgit um helgar frá því í febrúar og hún kveðst verða þar eitthvað í sumar. „Það er mjög næs, þar get ég talað blandinavísku,“ segir hún hlæjandi. „Svo ætla ég til Noregs og taka Óskar með mér og vera í mánuð í sumarhúsi sem fjölskyldan á nærri Ósló.“ Ekki verður hún samt aðgerðalaus því Breiðholtskirkjukórinn er með afmælistónleika á dagskránni í haust og hún ætlar að semja nýtt verk fyrir hann. „Örn Magnússon stjórnar kórnum, hann er líka í Spilmönnum ríkínís. Svona tengist allt á Íslandi,“ segir hún kankvís.

*Búin að velja texta?*

„Já, ég sem við efni úr Flateyjarbók, sögu um dýrðlinginn Sunnevu sem var írsk en varð að flýja heimalandið því þar stjórnaði maður sem vildi gifta hana og ná af henni landi. Hún flúði með fólkið sitt í bát út á haf og kom til Noregs en var illa tekið. Þetta er því miður að gerast enn þá við Miðjarðarhafið, fólk fer upp í báta og siglir eitthvert í von um betra líf, ég er því að tengja þessa gömlu sögu við daginn í dag. Hingað til hef ég samið lög við ljóð en nú þarf að koma þessum gamla bókmálstexta sem er á fornníslensku í ljóðform.“

Ekki býst Birgit við að setjast að í Bodö þó þar sé nýtt og glæsilegt menningarhús risið. Nágrenni Ósló heillar hana meira. Hún saknar skógarins í Noregi en kveðst líka tengjast hafinu sterkt. Eitt af því góða við Reykjavík er að hún stendur við hafið, ég kann svo vel við lyktina af því.“



„Ef ég ætlaði að panta mér kaffi á kaffihúsi og reyndi að segja „einn kaffi, takk“ á íslensku þá skipti fólk strax yfir í ensku, þegar það heyrði að ég var ekki Íslendingur,“ segir Birgit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> ÉG HEF AÐ MARKMIÐI AÐ FÓLK FINNI EITTHVAÐ ÁHUGAVERT Í TÓNLISTINNI MINNI OG SKEMMTI SÉR VIÐ AÐ FLYTJA HANA, ÉG ER SANNFÆRÐ UM AÐ ÞAÐ SKILAR SÉR TIL ÁHEYRENDA.



Hér leikur Birgit á norska hljóðfærið langeleik með Spilmönnum ríkínís.

# Blanda af klassískri tónlist og smellum

Alþjóðlegt orgelsumar stendur yfir í Hallgrímskirkju. Í dag klukkan tólf ætla þeir Steinar Logi Helgason organisti og Baldvin Oddsson trompetleikari að leika fyrir viðstadda blöndu af klassískri tónlist og smellum að sögn Steinars Loga.

„Við munum spila barokkmúsík, bæði þekktar perlur og ekki. Svo ætla ég að spila tvö íslensk orgelverk og þar mætast tvennir tímar. Það er Tokkata eftir Jón Nordal, samin 1985, eitt mesta meistaraverk okkar Íslendinga í orgeltónlist, og svo nýtt verk, frá 2016, eftir Þráin Þórhallsson tónskáld. Tónsmíð sem er byggð á arkitektúr Hallgrímskirkju. Á dagskránni er sem sagt þekkt barokk í bland við óþekkt barokk í bland við íslenskt, vonandi eitthvað við allra hæfi.“

Steinar Logi er organisti í Háteigskirkju og segir Baldvin hafa spilað stundum þar í hátíðamessum. „Hann var efstur á lista hjá mér þegar ég var að hringja í trompetleikara fyrir þetta prógramm enda einn af okkar bestu í því fagi og gaman að spila með honum.“

Þeir félagar eru nefndir ungstirni í fréttatilkynningu frá Hallgrímskirkju. Steinar Logi hlær þegar hann heyrir það en segir þá vissulega á líkum aldri og ná vel saman.

Steinar Logi kveðst hafa verið ráðinn til eins árs í Háteigskirkju. „Ég kom frá Kaupmannahöfn þar sem ég var í kirkjutónlist við konunglega konservatoríið, er að fara aftur þangað núna í ágúst og ákvað að svissa yfir í kammersveitarstjórn.“ **– gun**



**Baldvin og Steinar Logi hefja leik klukkan tólf.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Draugar fortíðar

**BÆKUR**

**Náttbirta**

★★★☆☆

**Höfundur:** Ann Cleeves
**Þýðandi:** Snjólaug Bragadóttir
**Fjöldi síðna:** 373
**Útgefandi:** Ugla 2018

Hin breska Ann Cleeves er vandvirkur glæpasagnahöfundur og óhætt er að mæla með bókum hennar fyrir hina fjölmörgu unnendur glæpasagna hér á landi. Allnokkrar þeirra hafa verið þýddar á íslensku og notið vinsælda. Ein þeirra er Náttbirta sem gerist í bænum Biddista á norðurhluta Hjaltlands. Við opnun listsýningar veldur ókunnur maður uppnámi. Daginn eftir finnst hann látinn og í ljós kemur að hann var myrtur. Lögregluforinginn Jimmy Perez rannsakar málið.





Lesendur Cleeves kannast við Perez en honum bregður fyrir í fleiri bókum höfundar. Hann er engan veginn jafn litríkur karakter og hin einræna og klunnalega lögreglukona Vera Stanhope sem er þekktasta sköpunarverk Cleeves. Perez hefur, eins og flestar aðalpersónur í glæpasögum samtímans, orðið fyrir áfalli í einkalífi sem hann rifjar reglulega upp í huganum. Hann er hrifinn af lögreglukonunni Fran Hunter en hún á einnig sínar sorgir sem erfitt er að gleyma. Sambandi þeirra tveggja eru gerð rækileg skil í bókinni. Ekki eru þær frásagnir besti hluti sögunnar en þar er allt samkvæmt margtugginni formúlu. Hinar mörgu aukapersónur bókarinnar eru hins vegar dregnar skýrum dráttum, yfirleitt áhugaverðar og í fortíð þeirra eru atvik og atburðir sem hafa markað þær. Þar eru draugar fortíðar sannarlega á kreiki. Umhverfi, staðháttum og andrúmslofti í hinum litla bæ á Hjaltlandi eru gerð góð og trúverðug skil. Glæpaþátturinn er síðan vel heppnaður.

Morðið í upphafi bókar reynist vitaskuld ekki vera það eina. Spennan er kannski ekki sérlega mikil en spurningarnar eru fjölmargar og lesandinn vill fá svör við þeim. Margir liggja undir grun og sumir óneitanlega mun líklegri en aðrir. Cleeves tekst undir lokin að koma lesandanum verulega á óvart þegar flett er ofan af morðingjanum. Þannig lokar hún verkinu á kraftmikinn og dramatískan hátt.

Náttbirta er ekki í hópi allra bestu bóka Cleeves en góð afþreying engu að síður. Cleeves er einfaldlega höfundur sem kann vel til verka og er ekki vön að bregðast lesendum sínum. Þeir ættu að eiga góða stund við lestur Náttbirtu.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Aðalpersónur bókarinnar vekja engan sérstakan áhuga en glæpaþátturinn er vel unninn.









# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

Hvar@frettabladid.is

## 21. JÚNÍ 2018


**Orgelið í Hallgrímskirkju fær svo sannarlega að hljóma á orgelsumri.**

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í dag er komið að tveimur íslenskum ungstirnum að láta ljós sitt skína, þeim Baldvini Oddssyni trompetleikara og Steinari Loga Helgasyni, organista Háteigskirkju, en þetta eru einu tónleikar sumarsins með trompeteinleik. Á efnisskránni verða hátíðleg verk eftir Bach, Purcell, Martini, verkið Hallgrímskirkja (2016) eftir Þráin Þórhallsson ásamt hinni sígildu Tokkötu Jóns Nordal. Miðaverð 2.000 kr.

**Hvað?** Mókrókar – Djass í Dómkirkjunni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Dómkirkjan í Reykjavík
Mókrókar spila splunkunýjan frumsaminn djass sérstaklega hugsaðan fyrir Dómkirkjuna. Lifandi spuni mun leiða hlustendur um hugarheim þessara ungu tónskálda. Mókrókar lenti í 2. sæti á Músíktilraunum núna í vor og starfar sem einn af listhópum Hins hússins í sumar. Frítt inn!

### Viðburðir

**Hvað?** Vorhefti tímaritsins Stjórnmál & stjórnsýsla – Fyrirlestur og útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
Við opnunina kynnir dr. Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við stjórnmálafræðideild HÍ, grein sína sem er meðal efnis í tímaritinu. Fyrirspurnir og umræður verða að loknu erindi hennar, og síðan verður boðið upp á léttar veitingar.

**Hvað?** Jónsmessugleði Grósku 2018
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Strandstígurinn í Sjálandshverfi, Garðabæ
Nú eru sumarsólstöður og í kvöld kl. 19.30-22 verður Jónsmessugleði Grósku haldin í tíunda sinn við Strandstíginn í Sjálandshverfi Garðabæjar. Jónsmessugleði Grósku á 10 ára afmæli og verða fjölbreytt listaverk til sýnis í töfrandi umhverfi ylstrandar með útsýni yfir hafið. Sýnendur eru um 40 talsins og hafa sjaldan verið fleiri enda hafa gestalistamenn í boði Grósku flykkst að hvaðanæva af landinu til að taka þátt í Jónsmessugleði.

**Hvað?** Aðalfundur og kvikmyndasýning
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Dansk-íslenska heldur aðalfund sinn í Norræna húsinu fimmtudaginn 21. júní kl. 19.30. Að honum loknum kl. 20 verður frumsýnd heimildarmynd um ferðir danska málarans Johannesar Larsen um íslenskar söguslóðir. Larsen ferðaðist um slóðir Íslendingasagna á árunum 1927-30 og gerði myndir í danska viðhafnarútgáfu þeirra frá 1930-32.


**Gerður Kristný tekur þátt í sumarsólstöðugöngu í Viðey í kvöld.**

**Hvað?** Sumarsólstöðuganga í Viðey
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Viðey
Efnt er til sólstöðugöngu í Viðey í tilefni af því að í dag er sólargangur lengstur hér á norðurhveli jarðar. Þór Jakobsson veðurfræðingur og einn af upphafsmönnum þessarar göngu mun segja frá sólstöðum og hefðum tengdum þeim. Gerður Kristný Guðjónsdóttir verður með hugvekju í tilefni dagsins. Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns, leiðir gönguna.



# HNATTRÆN HÖNNUN

## ÖLL HNATT-LÍKÖN

**30% AFSLÁTTUR**



Hnattlíkan Jörðin
24 cm blágrænt
**TILBOÐSVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-



Hnattlíkan Orbit
30 cm hvítt
**TILBOÐSVERÐ: 16.799.-**
Verð: 23.999.-



Hnattlíkan Galilei
17 cm bleikt
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-



Hnattlíkan Elite
30 cm með ljósi
**TILBOÐSVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-



Hnattlíkan Antiquus
30 cm með ljósi
**TILBOÐSVERÐ: 13.180.-**
Verð: 18.829.-



Pin the Countries
By Me M
**TILBOÐSVERÐ FRÁ 4.899.-**
Verð: 6.999.-



Pin the Countries
S hnöttur
**TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.499.-**
Verð: 4.999.-



Hnattlíkan Gagarin
17 cm matt silfur
**TILBOÐSVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-

**FLEIRI LITIR Í BOÐI!**

vitra.



VITRA Rotary Tray
Ice grey
**TILBOÐSVERÐ: 5.490.-**
Verð: 6.364.-



Ball Clock marglit
**TILBOÐSVERÐ: 29.900.-**
Verð: 37.900.-



S-Tidy
Poppy rautt
**TILBOÐSVERÐ: 4.490.-**
Verð: 4.990.-

vitra.

vitra.





O-Tidy
Poppy rautt
**TILBOÐSVERÐ: 4.490.-**
Verð: 4.990.-



VITRA House Bird
**TILBOÐSVERÐ:16.900.-**
Verð: 19.900.-
Til svartur og hvítur

Eames Elephant
Svartur
**TILBOÐSVERÐ: 10.900.-**
Verð: 13.420.-

2017 Framúrskarandi fyrirtæki


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs er til og með 24. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




LETHAL WEAPON
KL. 21:20
Frábærir spennuþættir, byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.

Frábær fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is






DECEPTION
KL. 19:50
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.




NCIS
KL. 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




BARRY
KL. 22:05
Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.



THE INFORMANT
KL. 22:00
Maður, búsettur á Gíbraltar, gerist uppljóstrari fyrir bresku og frönsku leyniþjónustuna en verkefnið vindur fljótlega upp á sig uns allt springur í háaloft.



BOARDWALK EMPIRE
KL. 22:05
Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram.

Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.40 Strákarnir**
**08.05 The Middle** Áttunda syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors** Fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**10.15 Á uppleið**
**10.40 Jamie's Super Food**
**11.25 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.45 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ordinary World**
**14.25 Never Been Kissed**
**16.10 PJ Karsjó**
**16.35 The Simpsons**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 The Big Bang Theory** Ellefta þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
**19.50 Deception**
**20.35 NCIS**
**21.20 Lethal Weapon** Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**22.05 Barry**
**22.35 Crashing**
**23.05 Real Time with Bill Maher**
**00.30 Vice**
**01.00 Silent Witness**
**01.55 Silent Witness**
**02.50 C.B. Strike**
**03.50 Girls**
**04.20 Girls**
**04.50 Never Been Kissed**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40 Valur - FH**
**10.35 Stjarnan - ÍBV**
**12.15 Goðsagnir - Sigursteinn Gíslason**
**13.05 Sumarmessan 2018**
**13.45 Valur - FH**
**15.25 Stjarnan - ÍBV**
**17.05 Season Highlights 2017/2018**
**18.00 Sumarmessan 2018**
**18.40 Premier League World 2017/2018**
**19.10 Leiknir - Selfoss**
**21.00 Sumarmessan 2018**
**21.40 Pepsi-mörk kvenna 2018**
**22.40 Goðsagnir - Steingrímur Jó**
**23.25 UFC Now 2018**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**Engin dagskrá**

## STÖÐ 3

**19.10 Man Seeking Woman**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Supergirl**
**21.35 The Detour**
**22.00 Boardwalk Empire**
**22.55 The Simpsons**
**23.20 American Dad**
**23.45 Bob's Burgers**
**00.35 Seinfeld**
**01.00 Friends**
**01.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Grettir**
**07.27 K3**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Tindur**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Grettir**
**11.27 K3**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Tindur**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.48 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Grettir**
**15.27 K3**
**15.38 Mæja býfluga**
**15.50 Tindur**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.48 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Ratchet og Clank**



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**07.30 US Open 2018**
**15.00 Golfing World 2018**
**15.50 Meijer LPGA Classic**
**19.05 Inside the PGA Tour 2018**
**19.30 Travelers Championship**
**22.30 Inside the PGA Tour 2018**
**22.55 Golfing World 2018**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45 Ingenious**
**13.15 To Walk Invisible**
**15.20 Billy Madison**
**16.50 Ingenious** Gamanmynd frá 2009 sem fjallar um sanna sögu tveggja vina, uppfinningamanns og sölumanns, sem dreymdi um að slá í gegn með nýju hjálpartæki og ákváðu að leggja allt sitt í sölurnar.
**18.20 To Walk Invisible**
**20.25 Billy Madison** Billy Madison á að erfa milljónirnar hans pabba síns en hefur sólundað öllum sínum tíma í skvísur og vín. Brian Madison segir því syni sínum að líklega taki aðstoðarforstjórinn og aulinn Eric Gordon við rekstri fyrirtækisins. Billy vill koma í veg fyrir að svo fari. Hann leggur allt undir og sest aftur á skólabekk með smábörnum til að geta tekist á við hlutverk sitt.
**22.00 The Informant**
**23.55 Girl, Interrupted**
**02.05 The Shallows**
**03.35 The Informant**

## RÚV

**11.30 HM stofan**
**11.50 Danmörk - Ástralía**
**13.50 HM stofan**
**14.15 HM hetjur - Roger Milla**
**14.25 HM stofan**
**14.50 Frakkland - Perú**
**16.50 HM stofan**
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 HM stofan**
**17.50 Argentína - Króatía**
**19.50 HM stofan**
**20.25 Veður**
**20.30 Fréttir**
**20.55 Íþróttir**
**21.05 Í garðinum með Gurrý**
**21.35 Andstæðingar Íslands**
**22.10 Treystið mér**
**23.10 Gullkálfar**
**00.00 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.20 The Late Late Show with James Corden**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Kevin (Probably) Saves the World**
**15.00 America's Funniest Home Videos**
**15.25 The Millers**
**15.50 Solsidan**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show with James Corden**
**19.45 Man With a Plan**
**20.10 LA to Vegas**
**20.35 Flökkulíf**
**21.00 Instinct**
**21.50 How to Get Away With Murder**
**22.35 Zoo**
**23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.45 24**
**01.30 Scandal**
**02.15 Jamestown**
**03.20 SEAL Team**
**04.05 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**04.55 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Tilboð gilda til 27. júní eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.



# ÁFRAM ÍSLAND!

## Tilboð til 27. júní

**Skoðaðu öll tilboðin á byko.is**



**Tilboðsverð**

### Ferðagasgrill

Blátt eða svart.

**12.995**

50632099

Almennt verð: 24.995

**48% afsláttur**

kílóvött 2,93 · brennarar 1



kílóvött 2,93 · brenna 1

Broil King — Great Barbecues Every Time

**Tilboðsverð**

### Gasgrill

ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**39.995**

50657512

Almennt verð: 59.995

**EÐA 0% VAXTALAUST LÁN**
**3.855kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 46.255kr.
ÁHK 29,39%.

Einhell

**Tilboðsverð**

### Rafmagnssláttuvél

GE-EM 1030. Hágæða og kraftmikil rafmagnssláttuvél. Vélin er frábær í að slá minni garða. Með kraftmiklum 1000 W rafmótor.

**8.995**

74830020

Almennt verð: 12.995

**31% afsláttur**



BOSCH

**Tilboðsverð**

### Rafhlöðuborvél

GSR 18-2 LI PLUS 2x2,0AH rafhlöður. Hleðslutæki og L-BOXX taska.

**29.995**

748740993

Almennt verð: 39.995

**25% afsláttur**



**EÐA 0% VAXTALAUST LÁN**
**2.992kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 35.905kr.
ÁHK 37,73%.



**Tilboðsverð**

### Kælibox

Ljósblátt, 24l.

**1.495**

41119565

Almennt verð: 2.495

**40% afsláttur**



**Tilboðsverð**

### Sólstóll

Svartur.

**4.995**

41613415

Almennt verð: 7.995

**38% afsláttur**

# HVAÐ KOSTAR PALLURINN?

**REIKNAÐU ÚT ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ**

*og fáðu tilboð í pallinn hjá okkur á byko.is*

**Sjá nánar á byko.is**

## PALLALEIKUR BYKO

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 17. ágúst.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

# Gaf verðlaunaféð til Barnaspítala Hringsins

**Siggi Christoffer Strarup Sigurðsson**, barþjónn á Veðurbarnum, vann Negroni-kokteilakeppni sem haldin var á Pablo Discobar. Hann fékk 100 þúsund krónur í verðlaun og gaf féð til góðgerðarmála.

Siggi Christoffer Strarup Sigurðsson kom, sá og sigraði á Negroni-kokteilakeppninni sem haldin var með pompi og prakt á Pablo Discobar fyrir skömmu. Hver keppandi valdi góðgerðarmál til að styrkja og gaf Ölgerðin 100 þúsund krónur þeim sem bjó til besta Negroni-kokteilinn. Siggi fékk síðan að láta verðlaunaféð renna til síns góðgerðarmáls.

Negroni-kokteilakeppnin var haldin á Pablo Discobar í samstarfi við Ölgerðina og tóku sex barþjónar á höfuðborgarsvæðinu þátt. Til að gera kokteilkeppnina meira spennandi var þemað að búa til ítalskasta drykkinn. Dómarar í keppninni voru Sóley frá Ölgerðinni og sjálfur Super Mario frá Ítalíu enda ítalskt þema.

**» TIL AÐ GERA KOKTEILKEPPNINA MEIRA SPENNANDI VAR ÞEMAÐ AÐ BÚA TIL ÍTALSKASTA DRYKKINN.**

Siggi þótti skara fram úr og færði Barnaspítalanum 100 þúsund króna ávísun. **benediktboas@frettabladid.is**



Siggi ánægður með sigurlaunin en hann blandaði bestu Negroni-kokteila kvöldsins.



Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls og sparkunnandi, leit við og smakkaði á veigunum ásamt spúsu sinni Önnu Sigríði Arnardóttur og vinafólki.

## Keppendur

- **Siggi Christoffer Strarup Sigurðsson** Veðurbarinn
- **Alana Hudkins** Slippbarinn
- **Tóta** Tapas barinn
- **Daníel Charles Kavanagh** Sushi Social
- **Ágúst Frá Undralandi** Miami
- **Marcin Ryjewski** Pablo Discobar!



Það var glatt á hjalla fyrir utan Barnaspítala Hringsins þegar stóra ávísunin kom þangað þar sem hún mun vafalítið koma í góðar þarfir.



Berglind Icey og Örn V. Kjartansson voru sykursæt.







PIER
Sumar
ÚTSALA
ALLT AÐ 50%
AFSLÁTTUR AF
SUMARVÖRUM
KÖRFUSTÓLAR
30%
AFSLÁTTUR
HLIÐARBORÐ OG
SÓFABORÐ
20-50%
AFSLÁTTUR
BORÐSTOFUHÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR
VALDIR
HÆGINDASTÓLAR
OG SÓFAR
20-50%
AFSLÁTTUR
A WORLD OF INSPIRATION
PIER
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 21. júní – 27. júní. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Djússeðill fyrir klúbbinn í sumar

Dúóið ClubDub sendi frá sér plötuna Juice Menu Vol. 1 óvænt um síðustu helgi og hefur hún vakið töluverða athygli. Þetta er dúndrandi klúbbatónlist með frumlegum vinkli sem ætti að keyra fólk áfram á dansgólfinu í sumar.

Við Brynjar hittumst fyrst í júlí á síðasta ári til þess að spá í að byrja að gera tónlist. Þetta var alltaf svolítið „semi“ en svo hugsuðum við bara: „Ef við gerum þetta ekki núna, þá eigum við eftir að sjá eftir því í framtíðinni.“ Svo er þetta bara svo ferskt dæmi sem við erum að gera, svolítið öðruvísi en það sem tíðkast í senunni. Þetta er partítónlist, klúbbadæmi.“

Það þarf ekkert að kafa djúpt til að sjá að hljómsveitin ClubDub gerir músík fyrir klúbbinn, það stendur í nafninu.

„ClubDub – það vita allir hvað „club“ er og dub þýðir tvöfalt vaff sem þýðir sigur. Þannig að þetta þýðir klúbbasigur. Við ætluðum að heita Club Dub með bili, en það var einhver gæi á Spotify búinn að taka það, þannig að við tókum bara bilið í burtu.“

**Danskur innblástur**

„Ra:tio eru að pródúsera þetta fyrir okkur – þeir eru alveg „full time“ í tónlistinni, tóku báðir hlé á háskóla en við Brynjar erum báðir í háskóla þannig að það er takmarkaður tími sem fer í þetta hjá okkur, þó að við værum alltaf til í að geta gert meira. Vikurnar eftir lokapróf spýttum við aðeins í lófana og kláruðum nokkur lög frekar hratt og förum beint í að láta mixa og mastera, gera „artwork“ og allt það.“

Ra:tio er framleiðsludúó skipað þeim Bjarka Sigurðarsyni og Teiti Helga Skúlasyni sem hefur verið að kveðja sér hljóðs upp á síðkastið og pródúseraði meðal annars Lætur mig, nýjasta smell söngkonunnar GDRN.

*Hvernig myndirðu lýsa tónlistinni ykkar?*

„Gaur, við vitum ekki einu sinni sjálfir hvernig tónlist þetta er. Við hlustum ágætlega mikið á danska

**PÆLINGIN Á NAFNINU JUICE MENU ER SVONA „CHOOSE YOUR JUICE“ – FÓLK VELUR SÉR SITT LAG, SINN DJÚS. /**

tónlist – þeir eru alltaf skrefinu á undan finnst mér og þaðan fáum við ágætan innblástur – sem er steikt. Ég hlusta aðallega á hipphopp en þegar maður fer að syngja þróar maður sitt eigið vibe – okkar vibe varð „stress free“ klúbbatónlist. Og við erum búnir að hafa gaman af þessu, þetta var ekkert stressandi útgáfa eða neitt, þó að við viljum alveg að þetta sé gott og létum þetta hljóma eins vel og hægt var.

Við Brynjar þurfum að koma hlutum frá okkur og það kom ágætlega út þegar við stóðum fyrir framan míkrófóninn. Við náðum að koma einhverju út úr okkur og þá kom þessi blessaða plata út.

**Djússeðill fyrir klúbbinn**

Pælingin á nafninu Juice menu er svona „choose your juice“ – fólk velur sér sitt lag, sinn djús. Þetta er vínseðill yfir juice þar sem þú velur þinn djús og heldur honum á lofti. Þetta er líka eins og orðið sauce í Bandaríkjunum, eins og í „lost in the sauce“.

Yfirbragð plötunnar er mínímalískt, jafnvel kærulaust og litríkt. Retrobragur svífur yfir vötnum – umslagið er WordArt frá Microsoft á hvítum bakgrunni. Aron samsinnir því þegar blaðamaður talar um að þetta sé „skila prófi rétt fyrir miðnætti-vibes“.

„Þetta WordArt retrodæmi hjá okkur var hugdetta sem við fengum kvöldið fyrir útgáfu og gerðum á stuttum tíma. Við ætluðum að droppa plötunni degi fyrr, þetta dreifingardæmi sem kemur þér á Spotify er meira vesen en maður heldur – en hún kom bara allt í einu inn á laugardagsmorgni og í rauninni hefðum við ekki getað beðið um betri dagsetningu – laugardagur, fyrsti leikur á HM og jafntefli við Argentínu.“

Aron segir að viðbrögðin hafi verið vonum framar og ljóst að ClubDub hafi ekki tekið neitt „L“. Fólk var að deila þessu út um allt óumbeðið og mikill fílingur.

„Við erum klárlega ekkert hættir eftir eina svona plötu – þetta heitir líka Volume 1 og þá er alltaf pláss fyrir Volume 2 og Volume 3. Ég þarf að fara að skipuleggja það að búa til „business inquiries“ ef einhver vill fá okkur til að spila á giggum og svona. Við lögðum ekkert upp með að fara í þetta tónlistar-project til að græða peninga eða eitthvað. En auðvitað viljum við performa, það er draumur allra artista og örugglega það skemmtilegasta sem er hægt að gera.“

Djússeðilinn má lesa yfir og njóta á Spotify, og svo er bara um að gera að velja sér sinn djús.

stefanthor@frettabladid.is



ClubDub raðar inn tvöföldum vöffum og hefur ekki tekið nein ell hingað til. MYND/VIGNIR DAÐI VALTÝSSON



Úr bílskúrnum í klúbbinn. Þarna var djússeðillinn settur saman.



# 30% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM HJÓLUM OG TJÖLDUM

dagana 21.-28. júní*

GLÆSILEGT ÚRVAL Í ÚTILÍF SMÁRALIND








**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.















KORT/MAP.IS

# Secret Solstice hátíðin tekin með trukki

Í dag er fyrsti í Solstice og því ekki vitlaust að fara að kynna sér dagskrána aðeins. Þeir sem nenna ekki að standa í svoleiðis geta samt skoðað þessa greiningu Lífsins á hátíðinni og flokkað sig eftir týpu.

**Gamli jálkurinn** Valhöll, Gimli
Gamli jálkurinn klæðir sig í gamla hljómsveitarbolinn sinn, setur börnin í pössun, skellir í sig einum hlandvolgum lager og töltir af stað á tónleika. Tilgangurinn er að rifja upp gömlu góðu tímana – boðið er upp á hlaðborð handa þeim gamla á Solstice í ár.

**Jálkurinn er heitur fyrir:**
Bonnie Tyler, Slayer, Stuðmönnum, George Clinton & Parliament Funkadelic, Egyptian lover, HAM, Jet Black Joe, JóaPé og Króla.

**Unga ferska týpan** Fenrir, Gimli
Unga ferska týpan ætlar að sjá allt það nýjasta sem er að gerast í heimi töff tónlistar. Flestir listamennirnir sem ferska týpan ætlar að sjá hafa aldrei spilað á tónleikum nema kannski uppi á dj-borði á Prikinu klukkan svona hálf fimm á sunnudagsmorgni.

**Ferska týpan er heit fyrir:**
Flóna, Aroni Can, Birgi Hákoni, Geisha Cartel, Sprite Zero Klan, Yung Nigo Drippin, Vala Crunk.



**Tryllt dansarinn** Hel, Askur
Tryllti dansarinn er bara mættur til að dansa, annað skiptir engu máli. Skítt með einhverja „tónleika“ – stemming er það sem reivarinn leitar að, sem og hnausþykkur taktur sem gengur óslitið sem allra, allra lengst. Þegar Hel er lokað stendur reivarinn líklega dansandi eftir fyrir utan og lögreglan þarf að færa hann á brott í hlekkjum eins og ljóðmælanda í Get ekki hætt að dansa með Tvíhöfða.

**Dansarinn er heitur fyrir:**
Introbeats b2b DJ Caspa, Bjarka, Charlotte de Witte, Droog B2B Holmar, Kollektiv Turmstrasse.

**Áhugamaðurinn** Valhöll, Fenrir
Áhugamaðurinn er mættur til að skoða tónlist og væri í hvítum slopp ef hann ætti slíkan. Áhugamaðurinn vill annaðhvort bara sjá bönd sem er hægt að staðsetja sagnfræðilega á einhvern ákveðinn punkt tónlistarsögunnar, hvort það eru upphafsmenn einhvers hljóms eða framtíð hans. Já, eða eitthvað íslenskt sem útlendingar fíla.

**Áhugamaðurinn er heitur fyrir:**
Gucci Mane, Stormzy, JID, 6lack, Death from above, Loga, GDRN, JFDR.



Ef svo ólíklega vill til að þú sért einhvers konar öðruvísi týpa, þá mælir Lífið með Solstice-appinu þar sem hægt er að finna tímasetningar, kort, fréttir og bara allt sem þarf á hátíðinni.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# Faxar bjóða Læknavaktina og Apótekarann velkomin í Austurver



Læknavaktin flutti nýverið af Smáratorgi í endurbætt húsnæði í Austurveri á Háaleitisbraut. Við hönnun nýja húsnæðisins var haft að markmiði að stytta biðtíma og gera heimsókn á Læknavaktina eins góða og kostur er. Biðstofur eru rýmri og bjartari, læknastofum hefur fjölgað, símaver hjúkrunarfræðinga er stærra og öll aðstaða viðskiptavina og starfsfólks til fyrirmyndar. Faxar bjóða jafnframt Apótekarann velkominn síðar í sumar í endurbætt húsnæði þar sem Lyf & heilsa er núna.

Apótekarinn+ - lægra verð

Lyf & heilsa Við hlustum!

LÆKNAVAKTIN 1770

FAXAR FASTEIGNAFÉLAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Benedikts Bóasar Hinrikssonar




## Sófakarteflan yfir allt HM

Ég elska HM. Hlusta á svona 12-15 podköst á dag, horfi á nánast allar fréttir sem íslenskir fjölmiðlamenn senda frá sér og les nánast allt sem sagt er frá mótinu.

Allir íslenskir fjölmiðlar hafa staðið sig vel við að flytja fréttir af öllu og engu af landsliðsmönnunum. Stundum hafa þeir meira að segja farið fram úr sér. „JóiPé og Króli hljóma fyrir utan völlinn,“ var til dæmis frétt sem ekki undir nokkrum kringumstæðum hefði verið skrifuð. En á stórmóti er allt frétt. Og ég las þessa frétt og hafði gaman af.

Sumir eru ekki alveg jafn hrifnir af Eurovision-stemningunni sem virðist einkenna fréttaflutninginn frá Kabardinka. Hafa séð þessar lýsingar áður og kannast við tóninn í þeim.

Að íslenski hópurinn hafi slegið í gegn á blaðamannafundinum og að búist sé við góðri sýningu þegar hópurinn stígur loks á stóra sviðið í Moskvu, Volgograd og Rostov.

En ég er bæði Eurovision-nörd og fótboltanörd og ég elska þetta. Þegar erlendir miðlar eru að eyða plássi í dagblöðum, mínútum í sjónvarpi og útvarpi til að tala um Hannes Halldórsson og Gylfa Sigurðsson og Birki Má Sævarsson og alla þessa drengi þá tárast ég. Virtustu sparkspekingar heims eru enn að tala um vítið sem Hannes varði og ég heyrði Gumma Ben lýsa því í bestu podköstum heims.

Þegar svo leikjunum er lokið tekur við HM stofan og Sumarmessan. Og þó það sé verið að fara yfir sömu hlutina horfi ég á báða þættina. Fæ einfaldlega ekki nóg. Það kemst ekkert annað að.

Afmæli eldri dótturinnar á laugardag er nánast orðið aukaatriði. Ég nefnilega elska HM – nánast meira en mína eigin fjölskyldu.


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

HM Plattinn ásamt kökum á 3699 kr.





Pantaðu tímanlega á subway.is

SUBWAY






Sóma salat & Sóma hummus

★GERIR KRAFTAVERK★

— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO


